

Ókeypis eintak
YOUR FREE COPY

Vestfirðir

Sumarið 2015





Vestfirðir: Vissir þú að....

...að samkvæmt tölum
Hagstofunnar voru
Vestfirðingar 6.960 talsins
1. janúar 2015?
Og kannski 6.961 núna?



... einungis 11 kílómetra landræma tengir Vestfjarðakjálkann við meginlandið? Landfræðileg mörk kjálkans eru við Gilsfjörð að sunnan og Bitrufjörð að norðan, en þar á milli eru aðeins um ellefu kílómetrar. Lögsagnarumdæmi Vestfjarða nær þó allt suður á Holtavörðuheidi.

...ef nátttröllunum sem þjóðsagan segir frá hefði tekist ætlunarverk sitt væru Vestfirðir eyja? Sagan hermír að þau hafi ætlað að skilja kjálkann frá landinu með því að grafa skurð á milli. Þeim entist þó ekki nóttin - þetta hefur kannski verið að vori - og þegar dagaði breyttust þau í steindranga, eins og vera vill um tröll. Eyjarnar ótalmörgu á Breiðafirði, og hólmar og sker við Húnaflóa, eru leifar jarðvegarins sem tröllin mokuðu út í sjó.

...frá Vestfjörðum eru aðeins um 300km yfir sundið til Grænlands, styttra en frá Hólmavík á Akureyri? Í góðu skyggni má sjá á milli hæstu fjalla hvoru megin sundsins. Nálægðin þýðir líka að oftar en einu sinni, tvisvar og þrisvar hafa hvítabirnir frá Grænlandi sótt Vestfirðina heim.

...strandlengja Vestfjarða er tæpir 2.000 kílómetrar og rétt um einn þriðji hluti allrar strandlengju Íslands?

...á Vestfjörðum eru nú níu sveitarfélög? Talið réttisælis eru það Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvík, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.

...Árneshreppur á Ströndum er fámennasti hreppur landsins? Samkvæmt tölum Hagstofunnar bjuggu þar samtals 50 manns 1. janúar 2015.

...Látrabjarg er vestasti punktur Evrópu? Látrabjarg er líka eitt þéttsetnasta fuglabjarg veraldar. Og Vestfirðir geta svo stært sig af tveimur mikilfenglegum björgum til, nefnilega Hornbjargi og Hælavíkurbjargi á Hornströndum.

...Drangajökull, á norðursvæði Vestfjarða, er fimmti stærsti jökull landsins? Hájökullinn er vinsæll til útivistar, en sprungnir skriðjökklar teygja anga sína niður í dali. Firðir og djúpir dalir eru yfirleitt það sem ferðalangar muna af Vestfjörðum, en að ofanverðu er Vestfjarðakjálkinn hins vegar gróðurssnaud og jökulskafin háslétta.

...jarðfræðilega eru Vestfirðir elsti hluti Íslands? Elsta berg í hraunlögum á Vestfjörðum er um 16 milljón ára gamalt, heilum þremur milljónum ára eldra en það sem elst hefur fundist á Austfjörðum.

...á Vestfjörðum má finna steingervinga úr voldugum skógum sem þar uxu fyrir tíu til fjórtán milljónum ára? Loftslagið var þá heittemprað, svipað og nú er í Kaliforníu, þó erfitt sé að gera sér slíkt í hugarlund. Í hlíð Helgafells við utanverðan Dýrafjörð fannst til dæmis rauðviðarbolur sem er nærri metri í þvermál. Af öðrum viðartegundum má nefna valhnotu, beyki, hlyn, elri og vínvið.

...engin eldvirkni er á Vestfjörðum og hefur ekki verið síðustu tíu milljón árin? Jarðhiti er hins vegar allvíða, en hann er einna mestur í Reykhólasveit og í Reykjanesi við Ísafjarðardjúpi. Á síðarnefnda staðnum má til dæmis komast í nána snertingu við jarðhitann í útlauginni sem sumir vilja kalla stærsta heita pott landsins.

...undirlendi er af afar skornum skammti á Vestfjörðum og helst að finna í nokkrum fjarðarbotnum? Reykhólasveit, Barðaströnd, Rauðasandur og sveitir í Strandasýslu eru helstu undantekningar þar á, en inn á milli fjalla leynast þó líka gróðurrikir reitir.

...lítið er um stöðuvötn á Vestfjörðum og að flestar ár á svæðinu eru vatnslitlar? Þó getur enginn neitað því að Vestfirðingar eiga einn af tilkomumestu fossum landsins, Dynjanda í Arnarfirði.

...aðalheimkynni konungs íslenskra fugla, hafarnarins, eru á Breiðafjarðareyjum? Vestfjörðum tilheyrir reyndar aragrúi eyja: bróðurpartur Breiðafjarðareyja hverra Flatey er stærst og þekktust, Æðey, Vigur og Borgarey á Ísafjarðardjúpi og Grímsey á Steingrímsfirði, auk annarra smærri eyja og hólma.

...að þegar harðindakaflar og hungursneyð ríðu yfir þjóðina á öldum áður varð sjaldan matarskortur á Vestfjörðum? Sjórinn er matarkista Vestfjarða. Stutt er á fengsæl fiskimið, selir eru í látrum og víða er æðarvarp. Eggjatekja úr björgunum og fuglaveiði hefur líka reynst Vestfirðingum afar drjúg og satt hungur þeirra í aldaraðir.

...að Vestfirðir eru tæplega einn tíundi hluti af flatarmáli Íslands?

...að þjóðvegur númer eitt liggur ekki um Vestfirði? Vestfirðingar eiga hins vegar sinn eigin hringveg, með mörgum útirkrókum sem gaman er að kanna.

...að byggð lagðist af á Hornströndum, þar sem nú er Hornstrandafríðland, um miðja síðustu öld? Landshlutinn var afar harðbýll og samgöngur sérlega torsóttar. Frá Horni í Hornvík eru til dæmis tvær dagleiðir fyrir gangandi mann yfir á Hesteyri, þangað sem skroppið var eftir læknisaðstoð eða til að skila bók á bókasafnið.

... að Vestfirðingar þóttu á árum áður skera sig nokkuð frá öðrum Íslendingum? Matarvenjur þeirra þóttu sérkennilegar, nafngiftirnar frábrugðnar því sem tíðkaðist annars staðar og málfarið á köflum stórundarlegt. Orðatiltækið „mjer blæðir í froðu“ ku til dæmis vera sérvestfirskt, en það mun þýða að mælenda blöskri eitthvað.

...að samkvæmt tölum Hagstofunnar voru Vestfirðingar 6.960 talsins 1. janúar 2015? Og kannski 6.961 núna?

Heimili náttúruaflanna

Náttúruöflin búa á Vestfjörðum. Þau eru aldrei langt undan í huga ferðalangum sem þeir augu á móti sólu, rýnir í ský á himni, leyfir huganum að sveima með skríkjandi fuglum hátt upp í þverhnipt og jökulsorfin fjöll. Í vestfirskri náttúru ólga krafturinn og það gerir hann líka innra með fólkinu – þeim sem búa árið um kring í faðmi hafs og fjalla og ekki síður þeim sem sækja þennan töfrastað heim, aftur og aftur.

Í blaði ársins deila heimamenn og aðkomufólk með sér síðunum, rétt eins og þúfum og steinum í fjöru að sumri. Vestfirskir áhugaljósmyndarar opna alþjóðlegu myndunum sín og leyfa lesendum að horfa í gegnum fægðar linsurnar, en líklega þekkir enginn vestfirski fegurð betur en sá sem þar býr og starfar árið um kring og fangar hana í net sitt með myndavél. Álagablettir, hversdagslíf bóndans, Hornstrandir í sinni stórbrotunustu mynd – allt er þetta birtingarmynd kraftsins sem við sækjum í firðina föggu.

Í blaðinu er líka að finna viðtöl við aðkomufólkið sem hefur – af fúsum og frjálsum vilja – dagað uppi á Vestfjörðum, skotið þar rötum og leyft sólinni að breyta sér í heimakæran stein. Þetta sama fólk hefur með sér í farteskinu nýja orku sem rennur saman við þá sem fyrir er; það færir með sér ferskan andvara og yfir upp lygna hversdagstilveru. Á Þingeyri standa hin danska Janne Kristensen og Wouter Hoyemissen frá Belgíu fyrir listamannadvöl; Steff Hilty frá Liechtenstein tófrar fram framandi krásir í Bræðraborg á Ísafirði; Þjóðverjinn Claus Sterneck setur upp alþjóðlega ljósmyndasýningu í gamalli síldarverksmiðju í vikinni sem hann elskar. Vestfirðir ólga af lífi í sumar og tilefni til að fagna eru næg: heimildarmyndahátíð á Patreksfirði, ný alþjóðleg kvikmyndahátíð á Hólmavík, tónlistarhátíð á Drangnesi og svo mætti óralengi telja. Þeir sem óska sér einskis heitar en að renna saman við kraftinn á hæglatari hátt þurfa ekki heldur að leita langt.



Kannski bara upp í fjallshlíð. Niður í fjöru. Inn í eyðibýlið. Ofan í náttúruaugina. Í töfraheim.

Með ósk um kraftmikið sumar,

Sunna Dís Másdóttir.

Í blaðinu

Kynnist **Arne Rawe** á bls 32, en hann stendur fyrir alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni **Turtle Filmfest** á Hólmavík ásamt félögum sínum frá Düsseldorf.

Aðkomufólk á Vestfjörðum segir frá tilveru sinni á nýjum stað á blaðsíðum 24, 26 og 46.

Hver þekkir vestfirski náttúruafegurð betur en vestfirskir ljósmyndarar? **Áhugaljósmyndarar opna alþjóðlegu myndunum sín** á bls 20.

Spánverjavígin eru með myrkustu atburðum Íslandssögunnar. Á bls 34 fræðir Ólafur J. Engilbertsson lesendur um vígin og sýninguna sem sett verður upp í **Snjáfjallasetri** og víðar í tilefni fjögurra alda afmælis atburðarins.

Yfirnáttúrubarnið Dagrún Ósk Jónsdóttir segir frá náttúrubarnaskólanum á Sauðfjársetrinu á Ströndum í sumar á bls 36.

Hefur þig dreymt um að upplifa svett í vestfirsku fjöruborði? **Guðmundur Konráðsson** hjá Hrafnasaga segir frá hugmyndum sínum um **einstakar náttúruupplifanir á Vestfjörðum** á bls 38.

Leikkonan og rithöfundurinn **Póra Karítas Árnadóttir** og tónlistar- og myndlistarkonan **Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir** eiga báðar áhrifamiklar minningar af Vestfjörðum. Þær deila ferðasögum sínum með lesendum á bls 8 og 18.

Í blaðinu er einnig að finna umfjallanir um **björgunarafrækið við Látrabjarg**; **ævintýramanninn Hauk Sigurðsson** og **Bestfjords-bloggið**; Ólíkindatólið **Víking Kristjánsson**, leikara á Suðureyri; Vestfirðingar ljóstra upp sínum uppáhaldsstöðum á kjálkanum og svo ótalmargt fleira. Góðan lestur!

DON'T MISS OUR ENGLISH ITEMS, MARKED WITH PINK!

Vestfirðir

Sumarið 2015

Vestfirðir sumarið 2015 er upplýsingablað fyrir ferðafólk á leið um Vestfirði. Blaðið kemur nú út í tuttugasta og fyrsta sinn og liggur að venju frammi án endurgjalds á viðkomustöðum ferðafólks og víðar um land allt.

Útgefandi: Gúttó ehf., Silfurgötu 1, 400 Ísafirði, Sími 456 4560, netfang bb@bb.is, vefang www.bb.is

Ritstjórn og efnisvinnsla: Sunna Dís Másdóttir

Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson

Ljósmyndir: Sigurjón J. Sigurðsson.

Forsíða: Sigurjón J. Sigurðsson.

Umbrot og prentvinnsla: Skapariíð

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil.



Vestfirðir: Did you know that...

...in the past, the people of the Westfjords were thought to be quite peculiar? Their eating habits, speech and names all differed from other parts of the country.



... the Westfjords peninsula is only connected to the mainland by an 11 km wide strip of land? The limits of the Westfjords are Gilsfjörður in the south and Bitrufjörður in the north. However, the Westfjords jurisdiction reaches as far south as Holtavörðuhéiði moor.

...according to folk lore, three night trolls once attempted to separate the peninsula from the mainland? They planned to do so by digging a canal, but grossly underestimated how time consuming the task would prove. As the night turned to day, the trolls turned to stone (as trolls are apt to do). The tale has it that the many islands of Breiðafjörður bay and the skerries in Húnaflói bay were formed by the chunks of soil and rock that the trolls dug out and flung into the sea during that fateful night.

...from the Westfjords, the distance to Greenland is only about 300 kilometers? On a clear day, one can even see between mountain tops. This proximity also means that on several occasions, polar bears have come to visit the Westfjords, having drifted across the sea on ice floes.

...the coastline of the Westfjords is around 2.000 kilometers long, and constitutes one third of the country's coastline?

...the Westfjords now have nine municipalities? Clockwise, these are Reykhólar municipality, Vesturbyggð, Tálknafjörður municipality, Bolungarvík, Ísafjarðarbær, Súðavík municipality, Árnes municipality, Kaldrananes municipality and Strandabyggð.

...Árnes municipality has the lowest population of all Icelandic municipalities? On January 1, 2015 it had a population of a whopping 50 people.

...the magnificent Látrabjarg, one of the most densely populated bird cliffs in the world, is also Europe's westernmost point? The

Westfjords also boast two other impressive sea cliffs, Hornbjarg and Hælavíkurbjarg, in the Hornstrandir nature reserve.

...Drangajökull, in the northern part of the Westfjords, is the country's fifth largest glacier?

...geologically, the Westfjords are the oldest part of Iceland? The oldest rocks found in the lava layers in the Westfjords are around 16 million years old, three million years older than rocks found on the east coast.

...fossils from forests that grew in the area around 10 to 14 million years ago, have been found in the Westfjords? These massive forests grew in a climate similar to that of today's California. The most well-known of the fossils is a 14 million years old redwood log, around one meter in diameter, found in Helgafell mountain in Dýrafjörður. Other types of wood found in the area include walnut, beech, maple and vine.

...there has been no volcanic activity in the Westfjords for the last 10 million years? However, there are geothermal springs in some areas – Reykhólar in the southeast and Reykjanes in Ísafjarðardjúp, for instance. The swimming pool in Reykjanes takes advantage of this, and has been dubbed the largest hot tub in the country.

...arable land is in extremely short supply in the Westfjords? The main exceptions to this are the Reykhólar area, Barðaströnd coast, the Rauðisandur reef, and the countryside in the Strandir area. However, green areas with varied flora are to be found in between the jagged mountains.

...there are very few lakes in the Westfjords, and most of the rivers are quite small? However, the area can boast one of Iceland's most beautiful and spectacular waterfalls – Dynjandi in Arnarfjörður.

...the king of Icelandic birdlife, the white-tailed eagle, mainly nests on the islands in Breiðafjörður?

...a vast number of islands are part of the Westfjords? Most of the islands in Breiðafjörður belong to the area, and those are countless; literally too many to be counted. The islands Æðey, Vigur and Borgarey in Ísafjarðardjúp and Grímsey in Steingrímsfjörður are also part of the Westfjords area.

...people in the Westfjords rarely went hungry, even when natural disasters struck or hardships and starvation affected the rest of the nation? The sea is the area's main source of food. The rich fishing grounds are nearby, and seals and eiders have been very valuable to the farmers. Egg picking and bird hunting in the great cliffs have also staved off starvation for centuries.

...the Westfjords peninsula constitutes around one tenth of Iceland's whole area?

...the ring road of Iceland, road no. 1, passes the peninsula by? The Westfjords have a ring road of its own, with many smaller side roads begging to be explored.

...the last inhabitants left the Hornstrandir area, now a nature reserve, around 1950? Life conditions in the area were always very extreme. For example, a person in Hornvík who wanted to return a book to the library, or go to the doctor, had to undertake a two days' walk to Hesteyri.

...in the past, the people of the Westfjords were thought to be quite peculiar? Their eating habits, speech and names all differed from other parts of the country.

...according to the Statistics Bureau, the Westfjords had a population of 6.960 on 1 January, 2015? Who knows – they might even be 6.961 by now?

Með Borgun getur þú rekið vefverslun með einföldum og öruggum hætti

Það eru til ótal gerðir af greiðslukortum og margir greiðslumátar. Borgun býður upp á sérsniðnar lausnir sem gera þér kleift að taka við greiðslum á netinu með einföldum og öruggum hætti.





Vestfirðir: Wu ten Sie schon dass...

*...die Westfjorde der älteste Teil Islands sind?
Die ältesten Gesteinsschichten werden auf ca.
16 Millionen Jahre geschätzt und sind ungefähr
3 Millionen Jahre älter als die ältesten Funde in
den Ostfjorden.*



schönsten und spektakulärsten Wasserfälle Islands in den Westfjorden, in Arnarfjörður.

...die gesamten Westfjorde ein Vogelparadies sind? Auf unzähligen Inseln und Schären finden viele Vogelarten reichlich Nahrung und Unterschlupf, so z.B. der König der isländischen Vögel, der Seeadler (*haliaeetus albicilla*).

...eine Menge kleiner Inseln zum Gebiet Vestfirðir gehören? Die meisten Inseln in Breiðafjörður einschließlich der größten Insel, Flatey, sind Teil der Westfjorde. In Ísafjarðardjúp liegen die Inseln Æðey, Vigur og Borgarey. Auf der Seite von Húnaflói befindet sich die Insel Grímsey. Sie alle beherbergen riesige Kolonien von Papageientauchern.

...eine nur 11 km breite Landbrücke die Westfjorde mit dem Festland verbindet? Geographisch gesehen erstrecken sich die Westfjorde im Süden vom Gilsfjörður bis zum Bitrufjörður auf der nördlichen Seite. Nur 11 km Festland liegen zwischen den beiden Fjorden.

...die Westfjorde eine Insel wären, hätten die Nachttrolle ihr Werk vollenden können? Eine Volkssage berichtet, wie sie versucht haben, die Westfjorde vom Rest des Landes abzutrennen, indem sie einen Graben aushoben. Die Arbeit erwies sich aber als schwerer, als die Nachttrolle dachten. Und auch die Nacht war kürzer. Vielleicht spielt die Sage im Frühjahr. Beim ersten Sonnenlicht erstarrten die Nachttrolle zur Stein. Die zahlreichen Inseln in Breiðafjörður sowie die Schären und Inseln in Húnaflói sind Teile der ins Meer geworfenen Erde.

...Grönland nur 300 km von den Westfjorden entfernt ist? Die Distanz zwischen den Westfjorden und Grönland ist kürzer als der Weg von Hólmavík nach Akureyri. Bei klarem Wetter kann man von einem Aussichtsberg die Küste Grönlands sehen. Wegen der Nähe sind auch oft Eisbären mit Treibeis zu den Westfjorden gelangt.

...die Küste der Westfjorde knapp 2.000 km lang ist – was einem Drittel der Küste des ganzen Landes entspricht?

...Árneshreppur in Strandir die kleinste Gemeinde Islands ist? Anfang des Jahres waren nur 50 Bewohner in Árneshreppur registriert.

...die Klippen von Látrabjarg der westlichste Punkt Europas sind? Látrabjarg beherbergt eine der größten Vogelkolonien der Welt. In Hornbjarg und Hælavíkurbjarg gibt es weitere große Vogelkolonien. Sie liegen in der fast menschenleeren Hornstrandir.

...der Gletscher Drangajökull im Norden der Region der fünftgrößte Gletscher Islands ist? Einige Gletscherzungen erstrecken sich bis ins Tal hinab. Das Gletschermassiv selbst ist als Ausflugsziel sehr beliebt.

...die Westfjorde der älteste Teil Islands sind? Die ältesten Gesteinsschichten werden auf ca. 16 Millionen Jahre geschätzt und sind ungefähr 3 Millionen Jahre älter als die ältesten Funde in den Ostfjorden.

...sich Versteinerungen in den Westfjorden finden lassen? Sie stammen aus der einst üppigen Waldvegetation, die im warm temperierten Klima der Westfjorde vor zehn bis vierzehn Millionen Jahren gedieh. Das Klima war vermutlich vergleichbar mit dem des heutigen Kalifornien. Besonders erwähnenswert ist der Fund eines ca. 200 Jahre alten Baumstamms von ungefähr einem Meter Durchmesser in Dýrafjörður. Walnußbäume, Buchen, Ahorn und Weinreben gehören zu den Versteinerungen, die bisher gefunden wurden.

...es seit 10 Millionen Jahren keine vulkanische Aktivitäten mehr in der Region gibt? Erdwärme findet sich jedoch an vielen Stellen. Die größten Quellen liegen in der Gemeinde Reykhólar und auf der Landzunge Reykjanes im Fjord Ísafjarðardjúp. In Reykjanes gibt es eins der ältesten Schwimmbäder Islands.

...es bewirtschaftbares Ackerland nur in einigen Fjorden gibt? Ausnahmen bilden die Gemeinde Reykhólar, die Küstenlinie Barðaströnd, Rauðisandur und große Gebiete der Gemeinden von Strandir.

...es nur wenige Seen gibt in den Westfjorden? Die meisten Flüsse sind kurz und führen nur wenig Wasser. Dafür liegt Dynjandi, einer der

...es selbst in früheren Zeiten den Menschen in den Westfjorden selten an Nahrung gefehlt hat? Die Fischgründe liegen nicht weit von der Küste entfernt. Zahlreiche Seehundekolonien und Brutkolonien der Eiderenten gehören zu den geschätzten natürlichen Ressourcen, die den Menschen das Überleben in der Region ermöglichten. Auf Inseln, Schären und in den Vogelklippen wurden Vogeleier gesammelt und Vögel gefangen, um die Speisekarte zu bereichern.

...die Westfirðir Halbinsel 9.520 km Quadratkilometer groß ist – knapp ein Zehntel der gesamten Landmasse Islands?

...die Hauptstraße Islands, die Ringstraße Nr. 1, nicht in die Westfjorde führt? Die Westfjorde haben dafür ihre eigene Ringstraße mit vielen interessanten Nebenstraßen, die den Reisenden immer neue, überraschende Eindrücke bescheren.

...die letzten Einwohner Hornstrandir Mitte des letzten Jahrhunderts verlassen haben? Ein Teil von Hornstrandir ist heute ein Naturschutzgebiet. Im Laufe der Jahre hat sich eine ungemein dichte, artenreiche Vegetationsschicht gebildet. Die Tierwelt in dieser Region dürfte heute so ähnlich aussehen wie zur Zeit der Besiedlung Islands.

...die Bewohner der Westfjorde sich früher sehr vom Rest der Landesbevölkerung unterschieden haben? Besonders ihre Essgewohnheiten und abenteuerliche Namensgebung galten als ungewöhnlich. Nirgends im Lande gab es mehr Zauberer als in den Westfjorden.

...die Gesamtbevölkerung in den Westfjorden am 1. Januar 2015 6.960 Menschen betrug – laut dem isländischen Amt für Statistik? Wer weiß – heute dürften es schon 6.961 sein!

STYTTU FERÐALAGIÐ LENGDU FESTIVALIÐ

SUMARHÁTÍÐIR 2015

FLUGFELAG.IS

JÚNÍ

Reykjavík 19.-21. júní

SECRET SOLSTICE

Sumarnóttin tekur þér opnum örmum í Laugardalnum.



Ísafirði 23.-28. júní

VIÐ DJÚPIÐ

Njóttu nándar við fagra hljóma í faðmi vestfirskra fjalla.

JÚLÍ

Siglufríði 1.-5. júlí

ÞJÓÐLAGAHÁTÍÐ

Fagurt syngur svanurinn fyrir þig og tröllin í fjöllumum.



Neskaupsstað 8.-11. júlí

EISTNAFLUG

Vangaðu við myrkrið undir bárujárninu dauðans.

Borgarfirði eystri 25. júlí

BRÆÐSLAN

Njóttu tónlistarinnar í örmum náttúrufegurðar.

Færeyjum 16.-18. júlí

G! FESTIVAL

Taktu utan um ástina þína í fjörmiklu landslagi Færeyja.

Færeyjum 28.-29. júlí

ÓLAFSVAKA

Láttu gleðina vefja þig örmum í færeyskum þjóðdansi.



Seyðisfirði 12.-19. júlí

LUNGA

Finndu kyrrðina í faðmi sköpunarinnar.

VERSLUNARMANNAHELGIN

Akureyri

EIN MEÐ ÖLLU

Knúsaðu gleðina í höfuðstað Norðurlands.



Neskaupsstað

NEISTAFLUG

Fjórið er alltaf mest í faðmi fjölskyldunnar.

Vestmannaeyjum

ÞJÓÐHÁTÍÐ

Sprangaðu í fangið á hátíðinni sem þú elskar.

Ísafirði

MÝRARBOLTI

Fljúgandi tæklingar eru drulluskemmtilegar.

Siglufríði

SÍLDARÆVINTÝRIÐ

Fleiri tunnur af gleði með nikku í fanginu.

Reykjavík

INNIPÚKINN

Þú átt fullt í fangi með að missa ekki af neinu.

ÁGÚST



Reykjavík 4.-9. ágúst

HINSEGIN DAGAR

Gleðin tekur þér opnum örmum í sínum litríkasta búningi.

Reykjavík 22. ágúst

MENNINGARNÓTT

Fljúgðu um hálsinn á menningu næturinnar.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MEÐ því að fljúga á sumarhátíðirnar sem þú elskar. Þú átt fullt í fangi með að velja milli þeirra, hvað þá aka! Þá er nú betra að fljúga.



Vertu tímanlega og bókaðu flugið núna á **FLUGFELAG.IS**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS



Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir

er tónlistarkona og myndlistarmaður sem hefur þvælst víða um Vestfirði - jafnt með hljóðfæri í hendi og á snjópotu.

Minningaslæða frá Vestfjörðum



Fyrir nokkrum árum varð ég þeirrar gæfu aðnjótandi að fá að heimsækja Vestfirðina að nýju vegna vinnu minnar. Þangað hafði ég varla komið síðan ég var unglingur. Þannig var mál með vexti að Aldrei fór ég suður hátíðin lokkaði okkur í hljómsveitinni FM Belfast til sín og bauð okkur að troða upp. Þetta þótti mér vera mikið ævintýri og fengum við að gista á heimavist Menntaskóla Ísafjarðar ásamt fleira tónlistarfólki. Við í hljómsveitinni spiluðum á hátíðinni þó nokkrum sinnum á árunum 2006 til 2011 og þess á milli og þar um kring vorum við fastagestir á páskunum fyrir vestan. Eftirlæti mitt er páskasteik Mugisonfeðga og húllumhæið við borðhaldið. Vinahljómsveit okkar REYKJAVÍK! á líka sinn þátt í að gera þetta að ógleymanlegum páskahelgum en eins og flestir vita er þorri meðlimanna frá Ísafirði og nágrenni. Við Árni kærastinn minn erum svo miklir addaendur hátíðarinnar að árið 2012 keyptum við gamlan skjóð á Selfossi til að komast nú örugglega á staðinn.

Árið 2011 var ég meðlimur í tveimur hljómsveitum, FM Belfast og Prins Póló, og spiluðu þær báðar á hátíðinni og um haustið gerðum við í Prins Póló víðreist um Vestfirðina í einstaklega skemmtilegri tónleikaferð. Við þræddum meðal annars Grundarfjörð, Flateyri, Hólmavík og Ísafjörð. Á Vagninum á Flateyri héldum við fámennst en fjögurt ball og svo

héldum við til Grundarfjarðar og tróðum upp á Kaffi 59 og stóðum fyrir sturluðu balli fyrir gesti Northern Wave kvikmyndahátíðarinnar. Mér þótti mjög gaman að sjá Flateyri í fyrsta skiptið og Grundarfjörð í annað skiptið en ég hafði komið margoft til Hólmavíkur vegna fjölskyldutengsla í móðurætt.

Ég, systir mín og frændsystkini dvöldum þar sumarlangt hjá ömmu og afa þegar ég var barn og unglingur og á vorin tók ég þátt í sauðburðinum á Skriðinsenni í Bitrufirði þar sem Lilja ömmusystir mín býr enn þann dag í dag ásamt Steinunni dóttur sinni. Mamma mín ólst sumsé upp á Hólmavík og á ættir sínar að rekja til Dranga á Ströndum. Langamma mín Steinunn Guðmundsdóttir var frá Dröngum og ég gerðist svo fræg að heimsækja staðinn þegar ég var barn. Forfeður pabba koma meðal annars frá Arnarfirði og Barðaströnd og svo ég slái nú um mig, þaðan kemur langa langa langa langafi minn Einar Jónsson Borgari. Ég gæti því með smá tilfæringum flokkað sjálfa mig sem einhvers konar Vestfirðing (ég er í símaskránni ef einhver vill mótmæla þessum tilburðum mínum).

Þabbi er kvikmyndagerðarmaður og sérhæfir sig í heimildarmyndum. Þegar ég var sautján ára fékk ég að koma með og aðstoða hann þegar hann gerði mynd um Pétur frænda okkar

sem stundaði búskap á sumrin í Ófeigsfirði. Ég mun aldrei gleyma holótta veginum sem við keyrðum eða kyrrðinni í firðinum. Þrátt fyrir að vera fædd og uppalin í Reykjavík er fyrsta minning mín líka frá Ísafirði. Ég er nefnilega ein af þessum örfáu sem eiga í fórum sínum dularfulla minningaslæðu frá frumbersku. Foreldrar mínir fóru með mig og systur mína á gönguskiði páskana árið 1980, en ég er fædd í febrúar 1979. Minningin er svona: Hvít fjöll á báða bóga, appelsínugul snjópotu bundin við mitti pabba míns sem ég sé aftan á, hann er á fullri ferð á gönguskiðum. Ég sit dúðuð í þotunni í snjógalla og reyni að veiða snjó upp í munninn. Veiðin gengur illa sökum hraðans á þotunni og lélegrar samhæfingar minnar.

Stundum finnst mér ótrúlegt að svona lítið barn hafi lagt á minnið eitt augnablik tilvistarinnar. Kannski hafði landslagið svona mikil áhrif á mig. Kannski var þetta fólks minning eða draumur. Ég kys að trúa hinu fyrrnefnda því það er skemmtilegra.

Ísafjarðarbær

Ekki bara falleg fjöll og djúpir firðir

Heldur líka:

...ekki nema 455km frá Reykjavík og allt á malbiki

...tjaldstæði fyrir stóra sem smáa

...heimilislegar sundlaugar

...fullt af áhugaverðum söfnum

...endalausir möguleikar í útivist

...veitingastaðir á heimsmælikvarða

...og að sjálfsgöðu miklu miklu meira

Nú liggur leiðin vestur!

Hönnun: Pixel ehf. | Ljósmynd: Sigurjón Sigurðsson

Ísafjarðarbær
Í faðmi fjalla blárra



Bestfirðir með augum Hauks



Ísklifur og ævintýramennska á sinn sess á Bestfjords-blogginu

Haukur Sigurðsson þekkir Vestfirði út og inn. Hann hefur lagt stund á útvist frá unga aldri og í seinni tíð verið leiðsögumaður í áhöfn Auroru Arktiku, sem býður upp á ævintýralegar ferðir um firðina og til Grænlands. Í ár leggur hann hins vegar mesta áherslu á verkefni sem kallast Bestfjords, þar sem hann þræðir kjálkann allan í leit að áhugaverðu fólki, uppátækjum, upplifunum og ævintýrum og bloggar um leiðangurinn á heimasíðu Markaðsstofu Vestfjarða.

Bestfjords-verkefnið verður eitt almanaksár og hófst strax fyrsta janúar. „Síðan gengur í rauninni út á að dokúmentera fólk, staði, ævintýri og möguleika til útivistar og almenna gleði. Ég er nú þegar búinn að fara ansi víða. Ég byrjaði verkefnið á því að fara túr um Vestfirði. Þá var ég í nokkra daga á Hólmavík og kíkti í kringum mig þar, svo keyrði ég yfir á Suðurfirðina og var þar í nokkra daga,“ útskýrir Haukur. Samgöngum á milli norður- og suðurhluta Vestfjarða er þannig háttáð að yfir vetrartímam er illmögulegt að flakka mikið á milli svæðanna tveggja.

„Nú er búið að opna Hrafnsseyrarheiðina svo það er orðið auðveldara að komast þetta. Ég hugsa að í sumar reyni ég að vera eins mikið og ég get á suðursvæðinu og eins á Ströndum, í Arneshreppi og á þessum stöðum sem ég á erfiðara með að komast til á veturna. Konan mín og barn eru að flýja til útlanda í rúmlega mánuð núna, svo ætli ég noti ekki tækifærið og búi bara í tjaldi á meðan,“ segir Haukur og brosir.

Þó Haukur þekki Vestfirðina út og inn er ekki þar með sagt að ekkert geti komið honum á óvart. „Mér fannst til dæmis alveg sérstaklega gaman að ferðast í janúar og febrúar. Það er það sem hefur komið mér helst á óvart hingað til, hversu skemmtilegt það er að



Hemingway Vestfjarða - samkvæmt Bestfjords

ferðast að vetri til. Það er allt öðruvísi stemning. Á sumrin er svo mikið að gera og allir svo uppteknir af túrismanum, en í janúar hafa allir tíma til að spjalla. Og það er svo sjaldgæft að fólk sé á ferðinni þá að fólk er frekar forvitnið um mann sem ferðamann,“ segir Haukur.

Haukur er reyndur ljósmyndari en hefur einnig reynslu af heimildarmyndagerð. Hann gerði til dæmis myndina Skolliales um refaskyttur í Dýrafirði, sem tekin verður til sýninga á Melrakkasetrinu í Súðavík í sumar. Sú reynsla nýtist honum vel í Bestfjords-bloggð. „Ég nota þá þælingu dálítið í þetta verkefni líka. Ég er að gera litlar klippur um fólk á svæðinu líka og birta, sem tengist þessum heimildarmyndarþælingum,“ segir Haukur.

Um ævintýri Hauks þetta árið má lesa á Bestfjords-blogginu, sem skrifað er á ensku, á slóðinni Bestfjords.is.



Pollurinn á Tálknafirði er engu síðri að vetrarlagi

Vestfirðingar mæla með!

Heilagt augnablik á Hekleyri



Soffía Vagnsdóttir
fræðslustjóri Akureyrar

Fallegasti staður á Vestfirðum finnst mér vera Hesteyri í Jökulfjörðum. Nokkurra ára gömul minning sem rifjast upp. Heilagt augnablik þar sem ég sit á gömlum rekaviðardrumbi sem stendur upp úr sjó eins og einmana öldungur í fjörunni við gömlu sildarstöðina á Hekleyri í Hesteyrarfirði og var fyrir löngu hluti af bryggju, með Hrólla bróður minn mér við hlið á öðrum slíkum. Já - að sitja þar og horfa út Hesteyrarfjörðinn, skynja friðinn, stilluna, hlusta á tófuna og rifja upp æskuna með systkinum mínum, frændsystkinum og foreldrum í fjörunni fyrir framan gamla skólahúsið á Hesteyri þar sem æskan og ævintýrin spinnast í dásamlegar minningar.

Að sitja þarna og ræða um lífið, framtíðina, forfeðurna og heiminn og hugmyndirnar sem gaman hefði verið að framkvæma, um draumana sem við höfum átt en ekki hafa ræst – enn! Svo hoppum við af drumbunum og leikum okkur að fleyta kellingar og keppum um hvort drífur lengra. Svo losum við zodiakinn, hoppum um borð og siglum til baka í átt að Læknishúsinu.

Besta máltíðin er svo nestið sem ég tek með mér á þennan einstaka stað. Það getur verið kjötsúpa í boxi sem mamma hefur eldað í Læknishúsinu, eða heimabakað rúgbrauð með nýgerðri rabarbarasultu úr Hesteyrar-rabarbara eða heimagerður brjóstsykur brenndur á pönnu og svo gott kaffi á brúsa.

En ef ég ætti að nefna annan stað þá kemur engum á óvart að ég skuli líka nefna Bolungarvík. Að vera komin upp á Bolafjall þar sem maður bókstaflega sér allan alheim milli himins og jarðar. Þetta skilja þeir sem þangað hafa komið. Vestfirsku fjöllin blasa við, úthafið sem hefur bæði gefið og tekið, Jökulfirðirnir eins og digur trjábólur með mörgum fögrum greinum og Ísafjarðardjúpið allt með Æðey og Vigur eins og samhentar systur sem ekkert fara, sama hvað á bjátar. Renna svo niður fjallið á veginum sem þó var ekki búinn til fyrir mig, heldur einhverja útlendinga sem skildu eftir risafótbolta á Bolafjallinu, renna inn á Ísafjörð og fá sér mat í Tjörhúsinu. Það gerist ekki betra.

Dulmögnuð Keflavík



Bergsteinn Sigurðsson,
fjölmíðlamaður

Það þarf svo sem engar ráðleggingar frá mér til að láta sér detta í hug að heimsækja staði á borð við Rauðasand og Látrabjarg eða skreppa yfir í Ketildali í Arnarfirði. Þetta eru magnaðir staðir sem eiga sér engan sinn líka. Á góðviðrisdegi á Rauðasandi svo gott sem hverfur maður inn í aðra veröld, sem Gyrðir Elíasson fangaði svo frábærlega í ljóði: „Þetta er baðströnd fyrir alla sem trúá því að veröldin eigi sér enn málsbætur.“

Ætti ég hins vegar að nefna einhvern stað sem liggur ekki beint við að heimsækja dettur mér helst í hug Keflavík, nokkurn veginn mitt á milli Rauðasands og Látrabjargs. Austasti hluti bjargsins er kenndur við víkina, en þar á milli liggja svonefndar Fuglagötur, en draganafn sitt af því að þar var fuglinn fluttur niður af bjarginu.

Mér er sérstaklega minnisstætt þegar ég heimsótti Keflavík í fyrsta skipti í mörg ár, sumarið 2009. Ég hafði farið með vinum að sunnan á sandinn og út á bjarg fyrir um daginn, en datt í hug fyrst við vorum á jeppa að fara torfæran veginn yfir í Keflavík og athuga hvort það væri ekki eitthvað þar að sjá.

Þetta er dulmagnaður staður í einangrun sinni og óþrymlegu landslagi, með útsýni yfir Breiðafjörð og út á Norðurhaf. Við skoðuðum gamalt björgunarskýli áður við komum okkur fyrir í mosavaxinni brekku, fengum okkur kaffi og nýbakað rúgbrauð með kæfu og horfðum á Snæfellsjökul baða sig í síðustu logum kvöldsólarinnar í fullkominni kyrrð.

Eins og til að reka smiðshöggid á þessa kvöldstund gerði refapar með þrjá yrðlinga vart við sig steinsnar frá okkur og hélt okkur selsskap þar til við höfðum klárað kaffið og sólin hafði kysst jökulinn góða nótt. Hamingjan þarf ekki að fara með himinskautum, hún verður jafnvel þeim mun eftirminnilegri þegar við hnjótum um hana algjörlega óvænt.

Á leyristað við Sólbakka



María Rut Kristinsdóttir
markaðsstjóri GOMobile

Ég er alin upp á Flateyri við Önundarfjörð. Þar á ég heima. Alveg sama hvert ég fer eða hversu lífsreynd ég verð. Ég mun alltaf eiga heima á Flateyri. En það er einn staður í Önundarfirði sem er mér sérstaklega kær. Hann hefur verið minn gríðastaður frá því að ég uppgötvaði hann fyrst, þegar ég var eitthvað að væflast um í hjólaferð fimm ára gömul.

Staðinn má finna í lítilli laut fyrir ofan Sólbakka. Lautin hefur þann töframátt að þar er alltaf skjól, alveg sama hvernig viðrar. Útsýnið yfir fjörðinn er óaðfínanlegt og Þorfinnur, fjallið stóra, starir beint á mann. Þangað fór ég þegar ég vildi vera ein, til að segja vinkonum mínum frá leyndarmálum, liggja í sólbaði, gráta, hlæja, hugsa og taka erfiðar ákvarðanir og líka til að taka góðar ákvarðanir. Þetta gerði ég frá því að ég var fimm ára þangað til ég varð 16 ára og flutti í burtu frá Flateyri. Ég kíkí samt alltaf á staðinn minn þegar ég kem heim.

En það er alveg sérstök ástæða fyrir því hvers vegna þessi staður er og verður alltaf uppáhalds staðurinn minn. Það er vegna þess að á nákvæmlega þessum stað, í þessari lautu, 20 árum eftir að ég fann hann, lá ég með konunni minni á sólríkum degi haustið 2014 og hvíslaði að henni hvort hún myndi kannski vilja giftast mér. Núna er þetta staðurinn okkar.

Act alone: lygilegt ævintýri á Suðureyri



Einleikjahátíðin Act alone flutti sig um set frá Ísafirði á Suðureyri fyrir nokkrum árum síðan. Hún hefur vaxið og dafnað á sínum nýju heimaslóðum, og segir Elfar Logi Hannesson, stofnandi hennar, að aldrei hafi fleiri sótt um að taka þátt. Hátíðin í ár fer fram dagana 5. – 9. ágúst.

„Aðsókn sýnenda hefur verið stígandi, en eftir að við fluttum okkur yfir á Suðureyri hefur gangur hátíðarinnar verið lygilegt ævintýri. Bæði hefur áhorfendum fjölgað og eins þeim sem vilja troða upp. Í ár varð algjör sprengja. Við í stjórninni erum bæði heppin og líka óheppin að þurfa að velja úr þessum fjölda sýninga,“ segir Elfar Logi, sem þakkar vaxtarkipp hátíðarinnar góðu samstarfi við bakhjarlinn Fisherman og dásamlegum viðtökum íbúa Suðureyrar, sem hafa tekið henni opnum örmum.

Á dagskrá hátíðarinnar í ár kennir ýmissa grasa, eins og hennar er von og vísa, enda hafa aðstandendur Act alone alltaf lagt mikið upp úr því að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá sem hæfir sem flestum. Á meðal atriða í ár má nefna einleikinn Kenneth Mána, sem sýndur hefur verið á fjöllum Borgarleikhússins í vetur, tónleika með KK, danssýninguna Saving History, uppistand frá Eddu Björgvinsdóttur og lestur Þórarins Eldjárns úr verkum sínum. „Þegar við fluttum yfir á Suðureyri var sett stjórn yfir hátíðina og hún starfar af miklum krafti. Við erum eins og gott fótboltalið, þó við séum ekki alveg jafn mörg, og fólk leggur sig allt fram um að sinna þessu af ástríðu. Það hefur alltaf verið markmið okkar að sýna fram á fjölbreytileika einleikjaformsins og mér finnst það hafa lukkast afskaplega



vel í ár. Við erum með leiklist, tónlist, gjörning, myndlist, ritlist – nefndu það. Einleikurinn er nefnilega miklu fjölbreyttari en fólk heldur,“ segir Elfar Logi.

Að vanda verður mikið lagt upp úr dagskrá fyrir yngstu áhorfendurnar. „Það hefur verið eitt af fremstu áhersluatriðum okkar alveg frá upphafi. Við viljum hlúa vel að framtíðinni og þá verðum við að bjóða upp á eitthvað alvöru fyrir krakkana. Laugardagurinn á hátíðinni er til dæmis alveg undirlagður fyrir börnin, og alla fjölskylduna. Þetta er auðvitað fjölskylduhátíð,“ segir hann.

Sjálfur hefur Elfar Logi verið mikilsvirkur í leikhúslífinu vestra, en hann rekur þar Kómedíuleikhúsið og hefur sett á svið fjölda einleikja og annarra sýninga. Hann sýnir þó ekki lengur sjálfur á Act alone, heldur lætur öðrum sviðið eftir. Nú í vetur hefur hann ferðast um landið með einleikinn Gretti, um samnefndan kappu úr Íslendingasögunni, sem hann frumsýndi í janúar í minnsta óperuhúsi heims í Vatnsfirði. „Grettir fer reyndar enn víðar, því það er verið að þýða verkið yfir á ensku núna og svo förum við með það til Kanada í október. Það er búið að bjóða okkur að koma og heimsækja Vestur-Íslendingana í Manitoba og Winnipeg á heilmikilli hátíð sem er haldin þar 21. október. Grettir er því í mikilli útrás,“ segir Elfar Logi brosandi.

Frekari upplýsinga um Act alone má afla á síðunni actalone.net. Hátíðin stendur sem áður segir frá 5. til 9. ágúst og er aðgangur ókeypis sem fyrr.

Hafðu bankann í vasanum

Á L.is kemstu alltaf í bankann. Allar helstu aðgerðir í netbanka – millifærslur, yfirlit bankareikninga, greiðsla reikninga og margt fleira – eru aðgengilegar á L.is auk upplýsinga um markaði, gjaldmiðla og stöðu Aukakróna.

Betri netbanki á L.is

Í netbanka L.is getur þú stundað öll almenn bankaviðskipti með farsímanum, hratt og örugglega.

Hagnýtar upplýsingar

Þú finnur allar helstu upplýsingar fljótt og vel. Staðsetning útibúa og hraðbanka, fréttir, stöðu gjafakorta, gengi gjaldmiðla o.fl.

Snjallgreiðslur

Með snjallgreiðslum geturðu millifært á örskotsstundu með því einu að þekkja farsímanúmer eða netföng viðtakanda og viðtakandinn getur verið í hvaða banka sem er.



Fyrir flesta nettengda síma

L.is nýtir nýjustu tækni í farsíma-lausnum og einskorðast ekki við snjallsíma, heldur virkar á nánast öllum nettengdum sínum.

Enginn auðkennislykill

Nýtt öryggiskerfi Landsbankans tryggir hámarks öryggi í netbanka einstaklinga og þar sem auðkennislykillinn er orðinn óþarfur er nú orðið mun þægilegra að fara í netbankann í símanum.

Aukakrónur

Þú hefur gott yfirlit yfir Aukakrónurnar þínar, síðustu færslur, afslætti og staðsetningu samstarfsfyrirtækja Aukakróna.



Skannaðu QR kóðann til þess að fara á L.is

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





Björgunarafrek að Hnjóti

Á Minjasafni Egils Ólafssonar að Hnjóti kennir ýmissa grasa. Þar er fyrst og fremst að finna grunnsýningu safnsins, hefðbundna byggðasafnssýningu með munum úr nærliggjandi sveitum sem tengjast sjósókn, nýtingu auðlinda og hlunninda á sunnanverðum Vestfjörðum. Sýningin er nánast óbreytt frá árinu 1983. Á safninu er líka að finna sýningu um björgunarafrekið á Látrabjargi og í sumar verður aftur sett upp ljósmyndasýning í eigu Þjóðminjasafnsins um sama afrek.

„Ljósmyndasýningin var hérna hjá okkur sumarið 2013 og það var mikið spurt um hana í fyrri, svo við ákváðum að fá hana aftur lánaða,“ útskýrir Inga Hlín Valdimarsdóttir, forstöðumaður safnsins. „Þetta eru ljósmyndir sem Óskar Gíslason tók við gerð myndarinnar Björgunarafrek við Látrabjarg, en við sýnum þá mynd einmitt hérna á safninu.“

Björgunarafrekið er með frægari björgunaraðgerðum í Íslandssögunni, en það átti sér stað í desembermánuði árið 1947, þegar breski togarinn Dhoon strandaði við Látrabjarg. Björgunarsveitir af svæðinu, undir forystu björgunarsveitarinnar Bræðrabandsins af Rauðasandi, björguðu þá tólf mönnum af togaranum. „Þeir fóru frá Látrum með línubyssu og allan útbúnað og sigu niður bjargið til að bjarga áhöfninni. Þetta var í desember og í aftakaveðri, svo aðstæður voru ekki beinlínis góðar, og ekki hægt að bjarga af sjó,“ segir Inga Hlín frá. Björgunarmönnum tókst, eftir mikið erfiði, að koma allri áhöfninni frá borði og í skjól. Egill Ólafsson, sem safnið að Hnjóti heitir eftir, tók þátt í aðgerðunum.

„Ári síðar var ákveðið að gera þessa heimildarmynd. Óskar Gíslason var kvikmyndagerðarmaðurinn og hann fékk flesta björgunarmennina til að leika sjálfa sig í myndinni. Á meðan hún var í tókum strandaði svo annar togari, Sargon, undir Hafnarmúlanum í Örylgshöfn. Þá fór Óskar með björgunarmönnum sem léku í myndinni, og þeir björguðu skipverjunum á meðan Óskar myndaði. Bútur úr myndinni um björgunarafrekið við Látrabjarg er sem sé raunveruleg björgun skipsbrotsmannanna úr Sargon,“ útskýrir Inga Hlín.

Fyrir utan að gera merkilegri sögu björgunarafreksins skil mun safnið standa fyrir ýmsum uppákomum í sumar. Boðið verður upp á ratleiki fyrir börn, handverksmarkað og haldið verður upp á safnadaginn á Hnjóti í byrjun júlí.

Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi safnsins betur á síðunni hnjotur.is eða fylgst með Facebook-síðu þess.



Draumasumar á Ströndum

Þær Lovísa V. Bryngeirsdóttir og Sara Jónsdóttir létu draum rætast þegar þær tóku við rekstri Kaffi Norðurfjarðar í samnefndum firði á Ströndum. Báðar hafa þær brennandi áhuga á matreiðslu og stefna á að leyfa honum að blómstra í faðmi fjallanna í sumar.

„Við sendum umsókn um reksturinn upp úr áramótum og fengum svo að heyra í mars, eftir að hafa farið í viðtal og annað, að við hefðum fengið hann. Þá fór náttúrulega allt á fullt – enda ekki seinna vænna að fara að undirbúa,“ segir Lovísa og hlær við. Þegar blaðamaður náði tali af henni var hún einmitt stödd á kaffihúsinu í málningarvinnu. „Það var ýmislegt sem þurfti að gera og græja, svo þetta hefur verið dálítil törn, en við hlökkum mikið til sumarsins,“ segir hún.

Lovísa og Sara eru báðar úr Gardabænum og hafa hvorugar beina tengingu við Norðurfjörð eða Strandir. „Sara hefur ferðast mikið hér og komið hingað nokkuð oft með mannum sínum, sem er ljósmyndari. Þau eru gjörsamlega heilluð af þessu svæði. Þegar ég minntist á þetta tækifæri við Söru um áramótin sagði hún bara að já, þetta yrðum við að gera. Vestfirðir eru náttúrulega einn fallegasti hluti landsins,“ segir Lovísa frá.

Þær hafa báðar verið viðloðandi veitingageirann í mörg ár og hlakka til að leika lausum hala í eldhúsinu. „Við ætlum að leggja mikla áherslu á fiskinn, enda erum við til húsa beint fyrir ofan fiskverkun. Við verðum til dæmis með alveg gríðarlega góða fiskisúpu sem við höfum hannað frá grunni, og svo langar okkur að leggja áherslu á hráefni úr sveitinni eftir fremsta megni. Svo verðum við líka með gott bakkelsi og við ætlum að reyna að baka allt okkar brauð. Við verðum líka með einhverja skemmtilega snarlakka með ostum, pylsum og þvílíku, til að fá sér með rauðvínsglasinu á meðan maður situr úti og horfir á sjómennina að störfum í smá franskri stemningu,“ segir Lovísa og brosir.

Þær stöllur segjast ekki hafa skýra hugmynd um við hverju er að búast. „Við vitum náttúrulega ekkert hver umferðin verður eða hversu mikill túrisminn er hérna. En við lifum bara frá degi til dags og erum jákvæðar með það. Við verðum tvær hér í allt sumar og svo koma mennirnir okkar í heimsókn öðru hvoru og verða þá í lengri tíma. Ég á átta ára strák sem kemur með pabba sínum og er í einhverjar vikur í senn. Honum líst mjög vel á þetta ævintýri, hann kom hérna og skoðaði allt með mér fyrir tveimur vikum, fékk að fara í fjárhús og allt mögulegt. Það er náttúrulega ólýsanlegt fyrir átta ára strák að komast í sveitina. Svo hafa allir tekið okkur svo ofboðslega vel, maður mætir engu nema góðvild,“ segir Lovísa, sem kveðst afar ánægð með tækifærið til að verja þremur mánuðum á Ströndum. „Það eru ábyggilega margir sem myndu vilja skipta við okkur – en þeir verða bara að kíkja til okkar í kaffi í staðinn,“ segir hún.




Bolungarvík
bolungarvik.is




SUND - SWIMMING SCHWIMBAD

OPIÐ/OPEN/GEÖFFNET	SUMAR/SUMMER/SOMMER	VETUR/WINTER
Virka daga/Working days/Werktags	06:15 - 21	06:15 - 09 & 16 - 21
Helgar/Weekends/Wochenden	10 - 18	10 - 18



ÓSVÖR SJÓMINJASAFN
ÓSVÖR MARITIME MUSEUM

SUMAROPNUN/SUMMER OPENING
VIRKIR DAGAR: (1. JÚNÍ - 16. ÁGÚST)
09:00-17:00
WEEK DAYS: (JUNE 1ST - AUGUST 16TH)
09:00-17:00
HELGAR: 10:00-17:00
WEEKENDS: 10:00-17:00
WWW.OSVOR.IS



NÁTTÚRUGRIPASAFN
BOLUNGARVÍKUR
NATURAL HISTORY MUSEUM
OF BOLUNGARVÍK

SUMAROPNUN/SUMMER OPENING
VIRKIR DAGAR: (1. JÚNÍ - 16. ÁGÚST)
09:00-17:00
WEEK DAYS: (JUNE 1ST - AUGUST 16TH)
09:00-17:00
HELGAR: 10:00-17:00
WEEKENDS: 10:00-17:00
WWW.NABO.IS

Wildfjords – gengið með náttúrunni

Villt gönguleið um Vestfirði sem sækir innblástur sinn til Suður - Afríku. Einhvern veginn þannig gæti lýsing á Wildfjords verkefninu hljómað, en það er hugarfóstur Bretans Henry Fletcher. Á Wildfjords-slóðanum má búast við því að fyllast innblæstri og finna fyrir nánnum tengslum við stórbrotna náttúruna – yfirleitt langt fjarri öðrum mannaferðum.

Henry Fletcher sótti Vestfirði fyrst heim sem meistaranemi í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði. Hann sneri aftur heim til Englands til að skrifa meistararitgerð sína, en hélt að því loknu til starfa í Suður-Afríku. Þar vann hann sem leiðsögumaður í löngum gönguferðum á gönguslóða að nafni Rim of Africa, brún Afríku. „Sú gönguleið er sprottin upp úr hugsjón um umhverfisvernd, en býr líka til alveg nýjan slóða í gegnum fjallendið. Aðstandendur verkefnisins vildu fjalla um umhverfismenntun, umhverfisvernd og slóðamyndun, en um leið fagna og njóta göngunnar sem athafnar – og hvernig maður upplifir landslag í gegnum göngu,“ útskýrir Henry.

Reynsla hans í Suður-Afríku varð honum innblástur til þess að búa til svipaðan slóða á Vestfjörðum. „Ég naut þess virkilega að vinna með þeim. Ég var að leiðsegja og sjá um ýmislegt rekstrartengt og hugsaði bara – já, þetta er það sem ég vil gera við líf mitt! Og hugmyndin féll fullkomlega að vestfirsku umhverfi,“ bætir hann við. Peter Weiss, kennari við Háskólasetur Vestfjarða, aðstoðaði Henry við að komast í samband við heimafólk sem hafði áhuga á verkefninu, og hann hélt því næst aftur til Íslands til að gera rannsóknir, vinna undirbúningsvinnu og fjármagna verkefnið. „Ég fékk styrki frá Próunarsjóði ferðamála og Íslandsbanka. Þá fór ég að ganga leiðina og tala við fyrirtæki og aðra hagsmunaaðila. Ég vildi komast að því hvaða hugmyndir og drauma fólk á svæðinu hefði um þróun þess og hvernig þeir tengdust mínum draumum. Ég var með mjög skýra sýn um að Wildfjords-slóðinn yrði líkur þeim í Suður-Afríku: að hann leggði áherslu á umhverfið og umhverfisvitund; að hann fræddi þátttakendur um vistfræði, bæri mikla virðingu fyrir náttúrunni og stuðlaði einhvern veginn að náttúruvernd. Þetta er auðvitað stórt og viðamikil verkefni sem er á byrjunarstigi, en ég mun alltaf hafa þessi gildi að leiðarljósi,“ útskýrir Henry.

Listrænn innblástur

Í júní síðastliðnum gekk Henry fyrstu skipulögðu gönguna um Wildfjords-slóðann, frá Ísafirði til Látrabjargs. Burtséð frá leiðinni á milli Hrafseyrar og Reykjafjarðar í Arnarfirði, sem er ekin, ganga þátttakendur alla leið. „Það var fyrsta ferðin okkar og við lærðum margt,“ segir hann og hlær við. „Þessi fyrsta ferð var hefðbundin gönguferð með leiðsögn,

en seinna um sumarið vorum við líka með listamannaresidensíu á slóðanum,“ útskýrir Henry.

Residensían, eða listamannadvöl eins og slíkar æfingar eru oftast kallaðar, var hugarfóstur Tönju Geis, sem stundaði nám við Háskólasetur Vestfjarða á sama tíma og Henry. „Hún er listamaður og hélt að það yrði skemmtilegt að veita listamönnum þetta tækifæri til að vera úti í villtri náttúrunni í langri göngu á Íslandi. Sú hugmynd passaði vel við hugsjónir okkar um slóðann. Ef ég tala bara fyrir sjálfan mig finnst mér ég alltaf mun meira skapandi eftir að hafa verið mikið og lengi úti við. Það er eins og tengingin við náttúruna leysi einhvern skapandi kraft úr læðingi. Á einföldu plani má segja að maður sækir innblástur í fallett landslag, en svo finnst mér líka verða til einhver tengsl – maður nálgast náttúruna og skapar einhver tvíhliða tengsl við landslagið,“ segir Fletcher.

Verkefnið hlaut styrk frá Berkeley háskóla í Kaliforníu, þar sem Tanja Geis stundar nám, og í kjölfarið var það auglýst á ýmsum miðlum sem halda utan um listamannadvalir um heim allan. „Við vorum strax að drukkna í fyrirspurnum, við fengum fimmtíu umsóknir um tíu pláss. Við völdum nokkra einstaklinga úr og fórum í gönguna – sem var mögnuð upplifun. Þetta var sérstaklega góður hópur og allt gekk ótrúlega vel. Við hægðum aðeins á okkur og höfðum þetta bara átta daga göngu. Í staðinn fyrir að ganga alla leið lukum við ferðinni í Nesdal og fórum svo heim til Bettýar á Ingjaldssandi. Hún tók á móti okkur með heimagerðri lambamáltíð, sem var ljúffeng,“ segir hann brosandi.

Listamennirnir sem tóku þátt voru ekki skyldugir til þess að sinna listsköpun á meðan á ferðinni stóð eða sýna að henni lokinni. Þeir tóku hinsvegar þátt í ýmsum æfingum sem áttu að hjálpa þeim að tengja betur við landslagið. „Ég hef smá reynslu af sagnalist, ætisleit í náttúrunni og örvun sköpunarkrafts, svo ég stóð fyrir æfingum sem hjálpuðu þeim að skynja og skilja umhverfi sitt betur og reyndi að búa til rými þar sem þau gætu átt í virkri samræðu við landslagið,“ útskýrir Fletcher. Hópurinn hefur haldið sambandi eftir að göngunni lauk og margir þátttakendur hafa nú bent vinum sínum á að sækja um þátttöku í residensíu sumarsins. „Við létum þau líka fá svarblöð til að reyna að sjá hvaða áhrif ferðin hefði haft á þau og hvort þau kæmu í ljós síðar. Við ætlum líka að fylgjast með þeim áfram og sjá hvort þau geta sagt okkur hvort og þá hvaða áhrif residensían hafði á starf þeirra.“

Leitar stuðningsmanna

Í sumar munu Henry og samstarfsfólk hans hjá Wildfjords bjóða upp á tvær göngur: eina opna almenningi og aðra listamannaresidensíu. „Í maí ætla ég að ganga slóðann en byrja fyrir



sunnan til að sjá hvernig það virkar. Seinni hluta leiðarinnar geng ég með tveimur eða þremur öðrum, og auðvitað þeim sem vilja koma með og geta séð um sig sjálfir, því þá ætla ég að hafa með mér ljósmyndara til að safna stafrænum gögnum um leiðina: myndum, myndböndum, GPS-hnitum, hæðum og fjarlægðum. Ég er að reyna að afla meiri haldfastra upplýsinga, sem ég get þá vonandi notað til að nálgast heimafólk, landeigendur, fyrirtæki og ferðabjóna sem hefðu áhuga á því að vinna með mér,“ útskýrir Henry, sem segir brynt að virkja fleira heimafólk í verkefninu.

„Í sumar vil ég halda áfram að leggja grunninn að sjálfstæðum gönguslóða sem heimafólk og ferðafólk gætu notað alveg að vild. Ég ætla að hafa samband við hagsmunaaðila á leiðinni og biðja um ábendingar frá þeim og aðstoð við að hafa samband við landeigendur. Það er búið að vera ótrúlega ánægjulegt að finna fyrir svona miklum stuðningi við hugmyndina frá mörgum hagsmunaaðilum og heimafólki á svæðinu, og ég held að áframhaldandi þróun þess byggji að mjög miklu leyti á þátttöku þeirra,“ segir Henry, sem hvetur alla þá sem hafa áhuga á samstarfi að hafa samband. „Það er svo ótrúlega margt að sjá á slóðanum, og það fer þessa leið nánast enginn. Flestir ferðamenn virðast fara beint til Hornstranda eða á Látrabjarg. Við mætum engum á slóðanum í göngunni í fyrri,“ segir Henry.

Frekari upplýsingar um Wildfjords verkefnið má fá á wildfjords.com eða walk@wildfjords.com.



Wildfjords – walking with nature

Inspired by a hiking trail in South Africa, Henry Fletcher created the Wildfjords project, a wilderness long distance trek in the rugged nature for which the Westfjords are famous. During a walk along the Wildfjords trail, from Ísafjörður to Látrabjarg, hikers can expect a lot of inspiration, a close connection to nature – and not a single person in sight.

Fletcher first visited the Westfjords as a master student at the University Centre of the Westfjords in Ísafjörður. After returning to his native England to write his thesis, Fletcher traveled to South Africa where he ended up working on a long distance hiking trail called Rim of Africa. “The trail was run in support of environmental conservation, but it also created a completely new route through mountain territory. They were trying to tie in environmental education, conservation and trail formation as a way of connecting communities, while enjoying and celebrating the act of walking and how the landscape is experienced through walking,” Fletcher explains.

His experience in South Africa spurred him to create a similar trail in the Westfjords. “I really loved my time with them. I was guiding and doing logistics and just thought – yes, this is what I want to do with my life! And the idea fit the Westfjords perfectly,” he adds. Peter Weiss, professor at the University Centre, helped him get in touch with a few locals who shared Fletcher’s interest in the project, and he headed back to the Westfjords to do research and find funding. “I received grants from the Southerly Westfjords Regional Development Fund and Íslandsbanki. Then I started walking the route and talking to different stakeholders and companies. I wanted to get an idea of what the region itself was dreaming and how my dreams interacted with that. I had a very strong idea that it should be quite similar to the South African trail: quite environmentally based, that it should teach people about ecology, respect nature and support conservation in some way. Of course, it’s a big project and it is in stages at the moment, but that will remain the guiding principle,” Fletcher explains.

Inspired by Wildfjords

Last June, Fletcher ran his first trail, from Ísafjörður to Látrabjarg. Excluding the drive between Hrafnseyri and Reykjaþjörður in Arnarfjörður, participants walk the whole way. “It was our first run and we learned a lot,” he says, laughing. “That first trip was more business-oriented, but later that summer we also ran an artists’ residency on the trail,” explains Fletcher. The residency was set up by Tanja Geis, whom he met at the master’s program in Ísafjörður. “She is an artist and thought it would be cool to give artists this experience of walking in Iceland and being out in the wild. It aligned very well with our philosophy around the trail. Speaking for myself, I find myself feeling much more creative when I’m outside for a long time. It’s like the experience of nature frees up a creative energy. On a simple level, the beautiful nature inspires a person to create, but also I find that there’s an alignment, a kind of inherent affinity between yourself and the landscape,” says Fletcher.

With funding from Berkely University in California, where Tanja Geis is studying, they set up the residency, advertised it on artist residency listings and were promptly flooded with applications. “We instantly had like fifty applicants for our ten places. We chose some people and did the trail – and it was amazing. They were a really good group and the residency worked really well. We slowed it down a bit, so we didn’t do the whole trail. We did about eight days, ended up in Nesdalur and then went to Betty’s house at Ingjaldssandur. She welcomed us with a homecooked lamb meal, which was excellent,” he adds, smiling.

The participating artists were not required to make art on the trail or do any exhibitions, but were instead invited to take part in different activities meant to help them connect to the landscape. “I’ve had a little bit of experience with storytelling, foraging and creative facilitation so I lead activities that deepened their understanding of the landscape on an instinctive level and tried to create a space where they were in conversation with the landscape,” Fletcher explains. The group has stayed in touch since completing their Wildfjords residency and have now referred their friends to the second residency, running later this summer. “We also ran a feedback form to try and see what impact it has on their work going forward. We plan to check in with them



later and see if they can anecdotally tell us whether there has been any effect.”

Seeking local support

This summer there will be two Wildfjord trails: the second artists’ residency and a May trail starting from the south. “I’m going to do it the other way around this time to see how that works. The second half of the trail I will be walking with just two or three people, and anyone who wants to come who can look after themselves, and bringing a photographer to capture digital information about the route with photography and video, GPS and heights and distance. I’m trying to gather more solid information that I can then potentially use to approach local landowners, companies and tourism providers and see if they would like to collaborate with me,” explains Fletcher, whose next mission is to secure local support for the project.

“This summer, I want to continue to lay the foundation for a stand-alone trail which locals and tourists could use as they wanted. I’ll be contacting local businesses, service providers and interest groups along the route to ask for their input and their support in communicating with landowners. It has been humbling to receive so much inspiration and support for the idea from so many different people and organisations in the region, but its continued development really relies on continued local support,” explains Fletcher, who encourages anyone interested in taking part in the development to contact him. “There are so many cool things to see on the trail, and hardly anyone walks it. Most tourists head straight to Látrabjarg or go to Hornstrandir. We didn’t see a single person while we were doing the trail last summer,” he adds.

Find more information at wildfjords.com or contact walk@wildfjords.com.

Þóra Karítas Árnadóttir er leikkona og rithöfundur. Hún gaf á dögunum út sína fyrstu bók, Mörk, sem getin var í töfrandi ferð á Strandir.



Af hverju að vera að lesa um alla þessa rómantík?

Stundum breyta ferðir lífi manns. Það er ekki hægt að sjá fyrir hvort af því verður og ekki hægt að vita hvort það krefst þess að farið sé á framandi stað, sérstakan stað, til óþekkt lands eða í gönguferð í hverfinu.

Fyrir tveimur árum síðan fór ég í ferð sem breytti lífi mínu; eftirminnilega ferð á Strandir. Ég var að sjá svo margt í fyrsta sinn; Gjögur, Krossneslaug og Norðurfjörð. Við fórum hópur af nemum í ritlist frá Háskóla Íslands í tilraunaskyni til innblásturs undir handleiðslu skáldkonunnar Vigdísar Grímsdóttur, en strax er lítil rella hófst á flug á vellinum í Reykjavík var ljóst að það lá eitthvað í loftinu. Sumir voru flughræddir, aðrir óhræddir við dauðann. Í vélinni var ákveðið að skilja allan óþarfa farangur eftir í Reykjavík svo hægt væri að svífa áhyggjulaust á vængjum listarinnar inn í andartakið en enginn vissi þó á hverju væri von. Í flugferðinni kom fram að það átti að undirbúa sig fyrir námskeiðið á Ströndum. Allir þáttakendur skyldu segja frá einhverju sem þeir hefðu aldrei áður sagt frá. Það þurfti ekkert að vera alvarlegt eða merkilegt en bara eitthvað sem ekki hafði verið sagt frá af einhverjum ástæðum. Við byrjuðum öll að hugsa og fyllast kvíða um að finna ekki neitt flott að segja en ákváðum í sameiningu að slá þessu upp í kæruleysi og að það fyrsta sem okkur dytti í hug væri nógu gott.


Er við mættum í Norðurfjörð var óvenjulega fallett veður, sjórinn var grafkjurr og einhvern veginn var allt að því óraunverulegt að mæta á friðsælt svæðið á Norðurfirði úr ösinni í



Reykjavík. Nemendurnir uppgötvuðu fljótt sundlaug í göngufæri og ég komst að því að Krossneslaug er heilög. Að láta streituna líða úr sér í pottinum og leka niður að sjó eða fylgjast með flæðarmálinu af sundlaugarbakkanum er besta hugleiðsla sem völ er á. En Vigdís Gríms komst þannig að orði að þegar maður er í Krossneslaug er eins og maður liggir í flæðarmálinu og þá hugsar maður: „Af hverju að vera að lesa um alla þessa rómantík þegar hún er bara hérna, í þessari sundlaug.“

Við sátum og skrifuðum eins og enginn væri morgundagurinn eftir að hafa opnað hjörtun og rótað í gömlum leyndarmálum. Við ýmist hlógum eða grétum er við deildum af hjartans málum og í hópnum myndaðist djúpt traust og fegurð. Það var engu að kvíða við sjóinn í skjóli fjallanna og flestir skoruðu sjálfa sig á hólum og könnuðu óþekkt svæði í sjálfum sér gegnum skrif og samveru. Karlmennirnir varalituðu sig áður en þeir lauguðu sig og sumar konurnar frelsuðu geirvörtunum.

Á leiðinni heim var allt breytt. Við hópuðumst saman í gamlan Landrover, ég og



þrjár aðrar skólastúlkur. Við keyrðum framhjá Trékyllisvík og drukkum í okkur allt sem fyrir augu bar. Ég fann að eitthvað hafði hreyfst innra með mér sem ég yrði að hlusta á. Ég var komin með vegvísi og stefnu að næsta áfangastað. Ég skyldi skrifa mína fyrstu bók sem var getin á Ströndum en meðgangan og fæðingin skyldi fara fram í Reykjavík. Ein trúlaus í hópnum lýsti ferðinni vel á leiðinni heim er hún sagði að hafi hún einhvern tímann komist í tæri við kærleikann og séð glitna í Guð þá hefði það verið í þessari ferð. Geri aðrir staðir betur.

Umræðuvettvangur fólks sem grét á Norðurfirði var stofnaður á facebook eftir heimkomu til Reykjavíkur og strengurinn sem skapaðist í innblásturtilrauninni fylgir Strandahópnum um ókomna tíð. Ef einhvern vantar innblástur þá er alltaf hægt að stökkva til sunds í huganum í Krossneslaug og uppskera endurfæðingu og vísbendingu um hvert skal halda í næstu ferð.

The VÍS logo is a white stylized 'V' and 'S' on a red square background.

VIÐ VITUM HVAÐ DRAUMAFERÐIN SKIPTIR MIKLU MÁLI

Nú safnar þú Vildarpunktum Icelandair með F plús

Það stýttist í draumaferðina því nú geta þeir sem eru með F plús safnað Vildarpunktum Icelandair af öllum viðskiptum sínum við VÍS. Þú færð 2.000 Vildarpunkta um leið og þú skráir þig á vis.is.

F plús
færir þér
Vildarpunkta
Icelandair





Dagrún Ósk Jónsdóttir

hefur lengi haft gaman af ljósmyndun, þó hún stundi hana ekki af mikilli alvöru, að eigin sögn. „Mér finnst mjög skemmtilegt að taka myndir og fer oft í ferðir til þess. Ég hef mjög gaman af að mynda eyðibýli og annað svona gamalt og mynda þess vegna líklega mest á Ströndum. Þar er myndefnið sem höfðar til mín,“ segir hún.

Myndirnar sem hér birtast voru að hluta til teknar fyrir sýningu um álagabletti á Ströndum sem Dagrún setti upp ásamt föður sínum, Jóni Jónssyni. Kerlingarfoss í Þambá tengist til að mynda kerlingunni Þömb sem faldi þar allar sínar gersemar áður en hún steypti sér fram af brúninni í fossinn og endaði sína ævidaga. Tveir synir Þambar drukknuðu í Strákafossi neðst í ánni og Þömb lagði þau álög á ána fyrir andlátid að í henni myndi enginn drukkna og ekkert veiðast.

Aðrar myndir frá Dagrúnu eru teknar á gömlu eyðibýli á Ströndum. „Þær tók ég þegar ég fór í ferð ásamt tveimur vinkonum mínum. Mér finnst mjög skemmtilegt að hafa fólk á myndunum mínum – og yfirleitt skemmtilegra,“ segir Dagrún.



Áhugaljó



Bernharður Guðmundsson

er búsettur á Kirkjubóli í Valbjófsdal í Öndarfirði, þar sem hann og foreldrar hans eru síðustu bændurnir í dalnum. Bernharður, eða Benni eins og hann er oftast kallaður, er duglegur að hafa myndavélina á lofti heimavið og varpar oft nýju og skemmtilegu ljósi á lífið í sveitinni.

Myndirnar sem hér birtast sýna Öndarfjörð í allri sinni dýrd, jafnt í vetrarbúningi og sumarskarti, í gegnum augu mannsins sem býr og starfar með náttúrunni á hverjum degi. „Mælikvarðinn sem maður hafði á fegurð margfaldaðist eftir að ég fór að ramma hana inn með myndavélinni. Að sjá það mannlega í dýrunum og öll andlitin í landslaginu gerir mann hugfanginn,“ segir Benni.

Benni hefur birt myndir sínar á vefnum Guide to Iceland, þar sem hægt er að fletta upp nafni hans og lesa meira um lífið í sveitinni.




Ásta Þórisdóttir

er myndlistarmenntuð og hefur lagt stund á ljósmyndun frá því að hún lærði að framkalla svarthvítar myndir í námi sínu. „Ég hef verið að taka myndir í skorpum síðan,“ segir Ásta.

Myndirnar sem hér birtast eru teknar víða á Vestfjörðum, enda er Ásta yfirleitt alltaf með myndavél með sér. „Í þau fáu skipti sem ég er ekki með hana með mér gerist alltaf eitthvað stórkostlegt. Í eitt skiptið settist örn á bílinn minn. Í annað skipti var ég á sjó, og þá synti hákarl svo nálægt bátnum að ég hefði getað klappað honum. Svo það er víst best að muna eftir myndavélinni,“ segir hún og hlær.

Ásta myndar ýmislegt sem fyrir augu ber. „Ég tek myndir af bæði merkilegum og ómerkilegum hlutum, reyndar mjög mikið ómerkilegum! Mér finnst gaman að taka nærmyndir af skemmtilegum, smáum hlutum. Ég hef gaman af því litla og óhrjálega og að sjá fegurðina í því,“ segir hún.

smmyndarar




Hlynur Kristjánsson

hafði lengi haft áhuga á ljósmyndun áður en hann lét sjálfur til skarar skriða og fór að reyna fyrir sér.

„Ég hafði lengi verið að skoða þetta áður en ég lét vaða. Ég keypti mér vél og fór að fíkta, lesa mér til og skoða youtube-myndbönd. Maður getur lært mikið á því, en auðvitað aðallega á því að fíkta sjálfur,“ segir Hlynur.

Hann hefur að mestu tekið landslagsmyndir, þó hann segist vera orðinn ansi latur við þá iðju núna. Myndirnar sem hér birtast voru teknar í ferð hans á Hornstrandir síðastliðið sumar. „Ég fór þá norður til að taka myndir fyrir Vesturferðir, af ferðunum sem þeir bjóða upp á á Hornstrandir. Við vorum svona heppin með veður – landið er eiginlega fallegast í þessum búningi.“

Hlynur birtir myndir sínar aðallega á Facebook, en einhverjar þeirra rata einnig inn á flickr-síðuna hans. Hana má skoða á slóðinni [flickr.com/hlynurkr.](https://www.flickr.com/photos/hlynurkr/)





Ýmsir viðburðir setja svip sinn á hátíðina

Inn í ævintýraheim

Eina viku í júnílok breytast sunnanverðir Vestfirðir í ævintýraheiminn Bíldalíu. Heimurinn markast af Steampunk-stefnunni sem hefur rutt sér til rúms í flestum listgreinum á síðustu árum. Þátttakendur klæðast búningum og ganga heilshugar inn í þetta ríki ímyndunaraflsins og ævintýranna.

Bíldælingurinn Ingimar Oddson er upphafsmaður Steampunk-hátíðarinnar og ævintýralandsins Bíldalíu, en hátíðin var haldin í fyrsta sinn í fyrra. „Þetta byrjaði eiginlega með því að ég gaf út bók á ensku sem fjallaði um ævintýralandið Bíldalíu árið 2013. Í framhaldi af því sótti ég um styrki til þess að geta haldið áfram með verkefnið, því það var farið að þróast út í fleiri hugmyndir – að búa til muni í þessum stíl og annað,“ útskýrir Ingimar tilurð verkefnisins. Steampunk er ákveðið ævintýraþema, einskonar viktoríönsk framtíðarhyggja eða vísindaskáldskapur. Stíllinn er að finna í öllu frá fatahönnun, bókmenntum, hönnun, kvikmyndum og tónlist. „Upp úr 1984 fóru vinsældir þessarar stefnu að aukast og fara eiginlega sívaxandi. Sumt fólk tileinkar sér stíllinn alveg, í klæðaburði og öðru,“ útskýrir Ingimar, og nefnir kvikmyndir á borð við nýlegar myndir um Sherlock Holmes sem dæmi um áhrif Steampunks á listsköpun.

Hugmyndin um ævintýralandið Bíldalíu vatt upp á sig og árið 2013 tók Ingimar þátt í frumkvöðlakeppni Vestfjarða 2013 með stórt verkefni henni tengt. „Ég lenti í fjórða sæti og fékk tveggja milljóna verðlaunafé. Á fundum með bæjarráðinu í Vesturbyggð í kjölfarið kastaði bæjarstjórnin þessari hugmynd fram, að halda svona hátíð. Ég sagði bara að já, ég gæti alveg gert það,“ segir Ingimar og hlær við. „Ég vissi kannski ekki alveg hvað ég var að fara út í.“

Bærinn undirlagður

Hátíðin í fyrra tókst þó afar vel. „Það voru mjög góðar undirtektir og fólk skemmti sér mjög vel. Ég vissi svo sem ekkert við hverju var að búaast. Hingað komu hópar frá tveimur hlutverkaleikafélögum á landinu, frá Reykjavík og Akureyri, og settu mjög sterkan svip á hana með viðveru sinni. Við bjuggum líka til hlutverk á Bíldudal – þar tóku varðsveitir í landamæravörslu á móti gestum í bænni, við vorum með flugmarskála og aðmirál, loftskipsstjóra og ýmsa sem voru búnir að koma sér í hlutverk til að taka á móti gestum,“ útskýrir Ingimar. Hann segir bæjarbúa og aðra gesti hafa tekið afar vel í uppátækið.

„Ég hefði svo sem alveg getað ímyndað mér að fólk myndi bara mæta og bíða eftir því að hinir færu í búning, en ég held að þeir sem sáu þetta gerast hafi hrifist með. Íbúar á Bíldudal hópuðu sig til dæmis saman á laugardeginum og sumir redduðu sér búningum í snarheitum. Staðurinn var lagður á haus til að finna eitthvað sem passaði inn í þemað, og á dansleiknum í félagsheimilinu um kvöldið voru allir í búningum,“ segir hann.

Hátíðargestir skemmtu sér sömuleiðis afar vel. „Þetta hefur einhver góð áhrif. Samkoman var mjög yfirvegð og það var allt annað yfirbragð yfir skemmtidansleiknum en gengur og gerist almennt – það er eitthvað gaman við að vera í þessum stíl,“ segir Ingimar.

Það er ýmislegt um að vera á hátíðinni annað en búningaleikir og dansleikir. Á hátíðinni í sumar, sem stendur yfir frá 20. júní til 27. júní, verður til að mynda fyrirfram ákveðin atburðarás sem á sér stað nýfir alla vikuna. „Þar fyrir utan er skemmtun, tónleikar, bío, leikhús, dansleikur og ýmislegt annað yfir hátíðina. „Dagskráin er ekki þétt, heldur eru viðburðir á kvöldin og á daginn er búningaþemað við lýði. Við hittumst að spjalla, annað hvort í okkar hlutverkum eða bara sem við sjálf, í búningum,“ útskýrir Ingimar, sem segir öllum velkomnið að taka þátt í búningaleiknum. „Fólk má bara mæta á staðinn og það er öllum frjálst að taka þátt í sögunni,“ ítrekar hann.

Frá Bíldalíu á Bíldudals grænar

Steampunk-hátíðin í ár gengur yfir í bæjarhátíðina Bíldudals grænar, sem hefst fimmtudaginn 25. júní og stendur til 28. júní. Bæjarhátíðin er haldin annað hvert ár, en þá snúa alla jafna heim brottfluttir Bíldælingar, Arnfirðingar og þeirra aðstandendur. „Það hefur oft verið sagt að þetta sé svolítið eins og risavaxið ættarmót. Stundum merkja fjölskyldur sig með einhverjum hætti – og sumir eru auðvitað í fleiri en einni fjölskyldu. Bíldælingar sjá svo um skemmtunina að mestu leyti, þó við fáum líka góða gesti, enda hefur hér alltaf verið mikið tónlistarlíf,“ segir Ingimar frá, en hann situr einnig í skipulagsnefnd Bíldudals grænna. Í fyrra kom tónlistarmaðurinn Bjartmar Guðlaugsson fram á hátíðinni, en í ár mun Valgeir Guðjónsson skemmta gestum.

Hápunktur bæjarhátíðarinnar er á laugardeginum. „Þá er bærinn allur skreyttur, það eru alls kyns kynningar og uppákomur, íþróttaleikar og ýmislegt – næstum þannig að maður nái ekki að sjá allt sem er í gangi. Þetta er stanslaust stuð – en mjög fjölskylduvænt, rétt eins og Steampunk,“ segir Ingimar kátur, enda hefur hann til nóggs að hlakka í sumar.

Um Bíldalíu má lesa meira á bildalia.is, en upplýsingar um hátíðirnar tvær er best að nálgast á Facebook síðum þeirra.



Öllum er frjálst að taka þátt í leiknum



Bíldudalur í nýjum búningi



Á Steampunk-hátíðinni breytist Bíldudalur í ævintýralandið Bíldalíu

Gistinguna finnur þú hjá okkur isafjordurhotels.is



Hótel Ísafjörður
T O R G



Hótel Ísafjörður
H O R N



Gamla Ísafjörður
G U E S T H O U S E



| isafjordurhotels.is |

| info@hotelisafjordur.is |

| 456 4111 |

Djúpavík: Ástarsaga

Þjóðverjinn Claus Sterneck sá mynd af Djúpavík í þýsku tímariti og vissi að þangað þyrfti hann að fara. Eftir fyrstu heimsóknina var hann þess fullviss um staðurinn myndi breyta lífi hans. Hann reyndist sannspár. Í dag býr Claus á Íslandi, ver sumrum við starf á Hótel Djúpavík en starfar við póstburð og safngæslu í Reykjavík yfir veturinn.

Ást við fyrstu heimsókn

„Ég ákvað að fara til Íslands árið 2003. Kærasta mín á þeim tíma sýndi mér grein um Djúpavík, viðtal við Evu og fjölskyldu hennar sem býr í Djúpavík og rekur hótelið, þar sem þau sögðu frá daglegu lífi í Djúpavík yfir vetrarmánuðina. Ég hafði þá aldrei farið til Íslands en lengi haft áhuga á því. Ég er þannig að ég þarf að hafa ástæðu til að fara í ferðalag eitthvað. Þarna kom hún – ég las þessa grein og vissi bara að ég varð að fara,“ segir Claus frá. Hann varði viku í Djúpavík í þessari fyrstu heimsókn, en hinir fjórir dagarnir fóru að mestu í ferðir til og frá staðnum. Hugboð Claus um að hann þyrfti að sækja staðinn heim reyndist rétt. „Ég varð ástfanginn af Djúpavík á þessari viku,“ segir hann og brosir. „Ég vissi strax og ég kom að þessi staður myndi breyta lífi mínu, ég vissi bara ekki hvernig eða hvenær,“ bætir hann við.

Claus sneri aftur til Djúpavíkur og varði þar jólnum 2004. Sumarið 2006 mætti hann svo í fyrsta sinn til starfa á hótelinu, þar sem hann hefur varið öllum sumrum síðan. „Ég vildi fá að upplifa daglegt líf í Djúpavík, ekki bara vera þar sem gestur. Þegar ég fór um haustið vissi ég strax að ég kæmi aftur næsta vor, svo það var auðveldara að kveðja,“ segir Claus. Eftir þriðja starfssumar sitt í Djúpavík ákvað Claus að snúa ekki aftur heim til Þýskalands heldur hafa vetrarsetu í Reykjavík. „Ég sagði upp íbúðinni minni úti og gaf og seldi mest allt af dótinu mínu, fann mér íbúð í Reykjavík og sótti um vinnu. Ég bý ennþá í sömu íbúðinni, vinn ennþá sem póstburðarmaður og fer ennþá í Djúpavík á sumrin. Svona er ég vanafastur,“ útskýrir Claus og hlær við. „Nú starfa ég reyndar líka við safngæslu hjá Listasafni Reykjavíkur,“ bætir hann við.

Tvenns konar ástir

Kynnin af Djúpavík hafa breytt lífi Claus töluvert umfram búsetu hans. Þar kynntist hann til dæmis ljósmyndun, sem hann stundar nú af mikilli ástríðu. „Ég tók reyndar myndir í Þýskalandi líka, en ekki svona. Það var meira af fjölskylduviðburðum og slíku. Nú er ljósmyndunin eitthvað sem ég hef í hjartanu. Ég er miklu meira skapandi og opinn,“ segir Claus, sem hefur frá árinu 2012 staðið fyrir verkefninu One Picture Per Day, þar sem hann birtir daglega mynd úr íslensku hversdagslífi á



Facebook síðu sinni.

„Póstburðurinn er ekki draumastarfið mitt og ég hefði aldrei íhugað að vinna við það í Þýskalandi, en hér finnst mér það gaman. Mér finnst gott að vera úti, fá ferskt loft, ganga um og horfa í kringum mig. Ég er alltaf með myndavélina með mér og veit aldrei fyrirfram hvaða mynd ég ætla að taka eða birta þann daginn. Ég sé bara eitthvað og fæ einhverja tilfinningu sem segir mér að það sé rétt. Það getur verið kjóll, bíll, köttur, graffítí... hvað sem er. Þetta verkefni hefur verið nokkuð vinsælt á Facebook og ég held að fyrir marga sé þetta mjög velkominn gluggi inn í íslenskt hversdagslíf – eitthvað annað en landslagsmyndir með norðurljósum,“ segir hann og brosir.

Þar fyrir utan kviknaði annars konar ást í Djúpavík, en þar hitti hann fyrst eiginkonu sína í dag, Frédérique. „Hún er frönsk og kom til Djúpavíkur með hópi fólks. Ég fór með þau í leiðsögn um gömlu síldarverksmiðjuna. Hún man mjög vel eftir mér úr þeim túr, en ég man ekki neitt – ég hef farið með svo rosalega marga hópa í gegnum tíðina,“ segir Claus og hlær við. „Fjórum árum seinna hittumst við aftur í Reykjavík og nú erum við gift, þó hún sé enn búsett í Frakklandi,“ bætir hann við.

Nekt og óvenjulegt Ísland á STEYPU

Síðustu sumur hefur Claus staðið fyrir ljósmyndasýningu í gömlu síldarverksmiðjunni í Djúpavík á sumrin. Þá fær hann til samstarfs við sig alþjóðlegan hóp ljósmyndara, sem allir sýna myndir sem eiga það sameiginlegt að hafa verið teknar á Íslandi, þó efnistöð og aðferðir séu mjög ólíkar.

Í ár sýna níu ljósmyndarar, að Claus meðtöldum, frá Íslandi, Bandaríkjunum, Austurríki, Sviss, Danmörku og Belgíu. Sumir

hafa sýnt áður á STEYPU, eins og Emilie Mørkeberg Dalum, sem hefur rétt eins og Claus starfað á Hótel Djúpavík á sumrin. Emilie hefur unnið sem persónuleg aðstoðarkona fatlaðs íslensks manns síðustu ár og myndað hann við hversdagslegar athafnir síðastliðið ár. Í sumar sýnir hún myndir úr þeirri seríu, sem hún kallar Benni, í höfuðið á myndefninu.

„Ljósmyndararnir eru allir meira og minna vinir Djúpavíkur. Sumir voru gestir á hótelinu, aðrir hafa unnið þar og þau eru öll áhugamanneskjur um ljósmyndun. Guðmundur Óli Pálmarrson, til dæmis, kom til Djúpavíkur í fyrra með kærustunni sinni og spurði hvort hann mætti taka myndir í gömlu verksmiðjunni. Hann er með verkefni í gangi þar sem hann tekur myndir af kærustunni sinni á afskekktum, skrytnum stöðum. Ég var fljótur að sjá að það gæti verið eitthvað sem hentaði á sýninguna,“ segir Claus, sem segir það sífellt auðveldara að finna sýnendur á STEYPU. „Eina skilyrðið sem ég set er að myndirnar séu teknar á Íslandi, en hvað þær sýna er alfarið ljósmyndaranna að ákveða. Það getur verið rusl, byggingar, hvað sem er. Ég vil ekki ljósmyndara sem taka þessar venjulegu myndir af Gullfossi eða hvað það er, póstkortamyndirnar sem maður getur hvort sem er keypt í bókaverslunum. Ég vil finna fólk sem tekur svolitíð öðruvísi myndir af Íslandi, sér það öðruvísi,“ útskýrir hann.

Í því ljósi sýnir hann sjálfur myndir af Djúpavík í vetrarbúningi, hinn bandaríski Billy Monday sýnir listrænar nektarmyndir í íslenskrí náttúru og belgíski ljósmyndarinn Thomas Verfaillie sýnir myndir úr seríu sinni um Ísland. Aðrir sýnendur eru Jutta Wittmann, Marianne Wolleb, Susanne Marré og René Baldinger. Frekari upplýsingar um ljósmyndasýninguna má afla sér á djupavik.com/steypa, en hún stendur yfir frá 1. júní til 31. ágúst og er opin daglega frá 9 – 6. Aðgangur er ókeypis. Um Claus má fræðast frekar á síðunni claus-in-iceland.com.



Djúpavík: A love story

Claus Sterneck saw a picture of Djúpavík in a German magazine and immediately knew that he had to visit. After his first trip to Djúpavík in 2003, he was certain that the place would change his life. It turned out to be right. Today, Claus lives in Iceland, working as a postman in Reykjavík during the winters and working at the hotel in Djúpavík during the summers, where he stayed during his very first visit.

Love at first visit

Before his first trip to Iceland, Sterneck had long been interested in the country. "I'm not one to just randomly go somewhere, I need to have some reason for travel. My girlfriend at the time showed me an article on Djúpavík, an interview with Eva and her family, who run the hotel in Djúpavík. They were talking about their daily life in Djúpavík. I read the article and just knew I had to go there," says Sterneck.

He spent a week at the hotel, where he was the only guest, on his first visit. "I fell in love with Djúpavík during that week. I knew as soon as I got there that the place would change my life, I just didn't know how and when," he adds.

After his initial love affair with Djúpavík, Sterneck kept returning. The summer of 2006, he started working at Hotel Djúpavík during the summer, which he has done every year since. "I wanted to experience the daily life in Djúpavík, not only staying there as a guest. When I left in the fall I knew that I would return the following spring, which made it easier to say goodbye," he explains. During his third summer, in 2008, Sterneck decided that he would not return to Germany but stay in Reykjavík. "I found an apartment and got a job as a postman. Today I still live in the same apartment, work as a postman from September until May and at the hotel in Djúpavík during the summer. I also work at the Reykjavík Art Museum part-time," he adds.

Two loves

Sterneck's time in Djúpavík has changed his life to an even greater extent. It was in Djúpavík that he discovered his love for photography, which is now a big part of his life. "I used to take pictures in Germany too, but that was different, mainly during family events. Now, photography is something I have in my heart. I'm much more creative and open than I used to be," says Sterneck. His project "One Picture Per Day", where he publishes a daily picture from his life in Iceland, is now in its fourth year and has quite many followers on Facebook.

"Being a postman is not my dream job, and I would never have thought to work as a postman in Germany, but I enjoy it here. It is nice to be outside, breathing fresh air, walking in the city



and looking around. I always bring my camera. I never know beforehand which picture I will take that day. I just keep looking and when I see something I get a special feeling. It can be a cat, a car, graffiti... anything. I think many of the followers on Facebook like the project because it provides a window into the daily life of Icelanders, it's not what they usually see in photography books or postcards," he says. His love for photography was not the only love to awaken in Djúpavík. That is where he first met his wife Frédérique. "She's French, and came to Djúpavík with a group of people who took a guided tour in the old herring factory. I gave the tour. She remembers me well but I don't remember a thing – I've done so many tours throughout the years," he laughs. "We met again in Reykjavík four years later, and now we are married."

STEYPA: A different view on Iceland

For the last few summers, Sterneck has organized a photography exhibition in the old herring factory in Djúpavík. The exhibition, called STEYPA (e. concrete), brings together an international group of photographers who all exhibit photos taken in Iceland, although they approach the subject from very different angles.

This year, nine photographers, including Sterneck himself, will take part in the exhibition. They come from Iceland, USA, Austria, Switzerland, Denmark and Belgium. Some have participated in STEYPA before, others are new to the concept.

One veteran participant is Emilie Mørkeberg Dalum, who has worked in Hotel Djúpavík for the past few summers and assisted Sterneck with former exhibitions. Dalum has been working as a personal assistant to a handicapped man in Iceland for some years, and for the last year she has been working on a photography series with him as her subject. She will exhibit pictures from the series, called Benni

after her subject.

"The photographers are all friends of Djúpavík in some way. Some of them have worked there, others have stayed at the hotel and yet others have stopped by for a visit. Guðmundur Óli Pálmarrsson, for instance, came to Djúpavík last summer with his girlfriend and asked for permission to take pictures of her in the old herring factory – the very place where I have the STEYPA exhibition. Guðmundur has an ongoing project where he photographs his girlfriend in strange, remote places. I was quick to realize that his photos might just be perfect for the exhibition this summer," says Sterneck and smiles.

He says it is becoming easier to find photographers to participate in STEYPA. "By now, it's not very hard. The only condition I set is that the photos must be taken in Iceland, but what they depict is completely up to the photographers. It can be trash cans, buildings, whatever... I want photos that show a different side of Iceland, not the usual landscape pictures or postcard pictures that people can so easily access and see in bookstores," he explains.

In that spirit, he will exhibit photos of Djúpavík in its winter form, something so far removed from the Djúpavík of summer that he expects people to be quite surprised. American Billy Monday will exhibit artistic nudes taken in Icelandic nature and Belgian Thomas Verfaillie exhibits pictures from his ongoing photoproject in Iceland, shedding a different light on Icelandic daily life. Other participants are Jutta Wittmann, Marianne Wolleb, Susanne Marré and René Baldinger.

For more information on the STEYPA exhibition, visit djupavik.com/steypa. The exhibition is ongoing from June 1 to August 31 and open daily from 9 am to 6 pm. Admission is free.



Frosti, Wouter, Janne og Fríða á heimili sínu á Þingeyri

Ferskir vindar á Þingeyri

Janne Kristensen og Wouter van Hoyemissen eru eigendur kaffihússins notalega, Simbahallarinnar á Þingeyri. Koma þeirra til Þingeyrar var tilviljun háð, eftir að skyndiákvörðun um ferð vestur á firði leiddi af sér enn skyndilegri fasteignakaup. Í ár bættu þau enn við umsvif sín í þorpinu með fyrstu listamannaresidensíunni, Westfjords Residency, af mörgum áformum.

Hús fyrir tvö og fimm

„Við hittumst fyrir tíu árum síðan í Reykjavík. Ég var skiptinemi við Háskóla Íslands og Wouter var að ferðast. Við hittumst á Sirkus eitt kvöldið fyrir tilviljun. Ég hafði þá verið að hugsa um að fara í einhverja ferð áður en skólinn byrjaði og Wouter var einmitt á leiðinni vestur. Ég ákvað bara að fara með og við lögðum af stað næsta dag,“ útskýrir Janne fyrstu ferð sína á Þingeyri.

Wouter hafði dvalist í þorpinu áður og tók meðal annars þátt í byggingu víkingaþorpsins sem Þingeyri er fræg fyrir. Hann þekkti því ágætlega til í bænum. Hálfu ári eftir fyrstu ferð þeirra vestur frétti Wouter að Simbahallarhúsið, fyrrum kjörbúð, væri til sölu. „Wouter vildi gera tilboð í húsið og gera það upp. Hann ætlaði sér aldrei að búa í því, en var að hugsa um að gera það upp og nota kannski sem sumarhús. Hann var eiginlega ekki með plan. Ísafjarðarbær átti húsið, sem var í frekar slæmu ástandi. Þeir voru að hugsa um að rífa það, en féllust á að selja Wouter það með því skilyrði að hann gerði það upp að utan á innan við þremur árum. Verðið var 2.500 krónur,“ segir Janne og brosir.

„Þetta fór síðan þannig að þegar átti að skrifa undir samninginn var Wouter ekki með peninga á sér, svo það endaði á því að ég staðgreiddi húsið. Á þessum tíma var ég komin aftur í skólann í Danmörku, svo ég bara keypti hús á Vestfjörðum og fór svo aftur út. Þetta var aldrei mitt verkefni,“ rifjar hún upp.

Simbahöllin sækir í sig veðrið

Wouter hófst þegar handa við að gera upp hið sögulega hús, hellti sér í byggingarstarfið á sumrin en hélt til starfa í Belgíu yfir vetrartímann. „Hann fór svo að verja meiri tíma fyrir vestan og smátt og smátt fæddist hugmyndin um að opna húsið einhvern veginn fyrir almennungi. Þegar við fórum loks að taka til á neðri hæðinni, sem var öll á hvolfi, og sáum innréttingarnar almennilega fundum við að við urðum að gera eitthvað meira við þetta. Húsið átti sér langa sögu í verslun og þjónustu og okkur langaði að gera eitthvað slíkt,“ útskýrir Janne.

Kaffihúsið Simbahöllin opnaði sumarið

2009 og þau hafa haldið áfram framkvæmdum í húsinu síðan. „Eftir þetta fyrsta sumar tókum við kjallarann í gegn. Fyrstu árin fóru veturnir í framkvæmdir og sumrin voru helguð kaffihúsinu – og það er reyndar enn þannig að ákveðnu leyti,“ segir hún. Þau færðu fljótlega út kvíarnar og opnuðu hestaleigu tveimur árum síðar, eftir að hafa varið vetrinum í að gera upp hesthús.

Þessa dagana leggst fjölskyldan, sem nú er fjögurra manna með börnunum Fríðu Kötlu, fjögurra ára, og Frosti Snæbirni, eins árs, yfirleitt í ferðalög að vetri. „Síðustu fjögur árin höfum við tekið okkur sumarfrí í september, þegar hestarnir fara í haga, og verið á ferðalagi í tvo, þrjú mánuði. Stundum heimsækjum við bara Belgíu eða Danmörku, en við höfum líka ferðast víðar en svo. Annars erum við á Þingeyri. Það er heimili okkar,“ segir Janne.

Börnin heita íslenskum nöfnum og Fríða talar fjögur tungumál: íslensku, dönsku, flæmsku og ensku. „Frosti talar ekkert að ráði ennþá, en hann mun líklegast gera það líka. Fríða á ekki í neinum vandræðum með þessi fjögur mál sín, þetta er bara það sem hún er vön,“ segir Janne. Aðspurð um þá ákvörðun að gefa börnunum íslensk nöfn hugsar hún sig um. „Ég veit eiginlega ekki af hverju það gerðist,“ segir hún svo hlæjandi, „við vorum bara að reyna að finna nöfn sem okkur leist báðum vel á. Fríða er frekar alþjóðlegt nafn, en við áttum mjög erfitt með að finna strákanafn og okkur fannst báðum Frosti fallett. Svo það varð raunin,“ segir hún.

Westfjords Residency

Nú í ár tókust Janne og Wouter á hendur nýtt verkefni, þegar þau komu listamannaresidensíunni Westfjords Residency á laggirnar. Fyrsta residensían átti sér stað í maí. „Við höfðum verið að hugsa um að gera eitthvað svona í sjö ár og nú fengum við tækifæri til þess. Það sem við söknum á Þingeyri á veturna er meira félagslíf og viðburðir. Við vildum halda þessa residensíu sjálfra okkar vegna,“ útskýrir Janne. „Wouter vantaði stað fyrir verkfærin sín og fór að svipast um eftir honum. Þá fréttum við af húsi til sölu, sem var að vísu töluvert stærra en við höfðum ætlað okkur en á góðu verði, svo við slögum til og keyptum það. Það er núna verkstæði fyrir Wouter, en líka efri hæð með íbúð þar sem fólk getur dvalist og unnið að ýmsum verkefnum,“ segir hún frá.

Frá 8. til 18. maí dvöldust tíu listamenn frá Bandaríkjunum, Kanada, Japan og Englandi á Þingeyri á meðan á fyrstu Westfjords Residency listamannadvölinni stóð. „Við unnum þetta í samvinnu við Samönthu vinkonu okkar í Seattle. Hún bjó til heimasíðuna okkar og við lítum á þetta sem nokkurs konar tilraunadvöl. Hugmyndin er að bjóða tíu listamönnum að vera



Listamennirnir hafa frjálssar hendur

í tíu daga, og það er eitthvað sem okkur langar til að gera einu sinni eða tvisvar á ári. Á sumrin þurfum við húsið fyrir sjálfbodaliðana okkar sem vinna á kaffihúsinu, en frá október til maí gæti það líka staðið öðrum til boða, þremur til fjórum listamönnum eða einstaklingum sem myndu koma hingað til að vinna að sínum verkefnum,“ segir Janne.

Listamannahópur ársins hafði algjörlega frjálssar hendur, en Janne og Wouter útiloka ekki að framtíða dvalir hafi einhvers konar þemu eða markmið. „Fólk gæti til dæmis komið og hjálpað til við að mála skólann, eða hvað sem er. Hugsjónin okkar er að búa til eitthvað líf yfir vetrarmánuðina og laða fólk að bænum. Við viljum hætta að hugsa bara um framtíðina út frá fiski og búa líka til einhvers konar listræna hugsjón fyrir framtíðina. Þetta gæti orðið fyrsta tækifæri margra ungra listamanna og skapandi fólks til að koma til Þingeyrar. Það er nefnilega erfitt að koma hingað þegar maður er ekki hluti af samfélaginu, en listamannadvölin gæti gert það mun auðveldara,“ útskýrir hún. Annað markmið væri að skapa störf fyrir fólk úr skapandi greinum eða menningu. „Okkur langar að flytja inn fólk sem er venjulega ekki að finna í litlum þorpum eins og Þingeyri, og hvetja það til þess að vera hér,“ bætir hún við.

Þessari fyrstu listamannadvöl tókst sannarlega að blása lífi í þorpið. „Þetta var mjög skemmtilegt og góður hópur fólks. Við vorum með ljósmyndara, arkitekt, listmálara og hönnuði. Og bara það að þau séu hérna er skemmtileg tilbreyting. Í gær fóru nokkrir strákanna út að skokka upp Sandafell. Þeir hipsterastrákar í hjólabuxum að hlaupa upp fjall – það er ekki eitthvað sem gerist á hverjum degi,“ segir hún og brosir. „Þetta er orkuskot fyrir þorpið, það myndast góð stemning í kringum þetta,“ segir Janne.

Simbahöllin verður opin daglega í sumar, frá og með 22. maí. Fyrir frekari upplýsingar um kaffihúsið má heimsækja simbahöllin.is. Forvitnum um listamannadvölinna er bent á westfjordsresidency.com.



Westfjords Residency setur svip sinn á bæinn

Breath of new life in Þingeyri

Janne Kristensen from Denmark and Wouter Van Hoyemissen from Belgium run the charming Simbahöllin Café in Þingeyri. Their move to the small village of Þingeyri was unusually coincidental, following a spontaneous trip and an even more spontaneous purchase of an old and quite derelict house. This year, they're expanding their business yet again, by hosting an international artists' residency in their newly acquired workshop space in the village.

The price of a house

"We met ten years ago in Reykjavík. I was an exchange student at the University of Iceland and Wouter was traveling. We met each other at Sirkus one night, and it was a pure coincidence: Wouter was planning to go the Westfjords and I had been wanting to do a bit of traveling before school started. We left the next day, just like that," explains Janne, smiling.

Wouter had stayed in Þingeyri before, helping to build the viking village for which the town is known, and had some connections there. Six months after the couple's visit to Þingeyri, the Simbahöllin house, a former grocery store, was put on sale. "Wouter wanted to make an offer and try rebuilding an old house. He never intended to stay there, but was thinking of maybe using it as a summer house. He didn't really have a plan. Ísafjarðarbær municipality was selling the house. It was in quite bad shape and they wanted to tear it down, but they were willing to sell it on the condition that Wouter would rebuild it on the outside in three years. The price was 2.500 krona," says Janne, laughing. "As it turned out, Wouter didn't have any cash on him when the transaction took place, so I ended up paying for it. By then I was back in school in Denmark, so I just bought a house in the Westfjords and went back to Denmark."

Simbahöllin expands

Wouter promptly started rebuilding the old and historic house, working on the project during the summers but heading back to his native Belgium to work during the winter. "Then he started spending more time there and slowly, the idea came up to do something with the house, to open it to the public. When we started to clean up downstairs in the coffee house, which was in pretty bad shape, we finally saw the space for what it was. The house had a long history as a store and service place and we felt that we had to do something," Janne explains.

The Simbahöllin Café opened in 2009, after some intense rebuilding on the couple's

part. And they've kept working on the house ever since. "After that first summer, we did the basement. Winters were spent rebuilding, and summers were for business the first years – and even today," she says. The business soon expanded, and in 2011 they opened a horse rental, after having spent the winter rebuilding a stable.

These days, the now family of four, including kids Fríða Katla, four, and Frosti Snæbjörn, one, usually spends some part of the winter traveling. "For the last four years we've taken our summer holiday in September, when the horses go out in the valley. That means we can leave, and we've been traveling for two or three months. Sometimes we just go to Belgium and Denmark, but we've also done some trips. Apart from that, we stay in Þingeyri. That's our home," says Janne.

Their children have Icelandic names, and Fríða speaks four languages: Icelandic, Danish, Flemish and English. "Frosti doesn't really speak yet, but he most likely will too. Fríða has no trouble with her four languages, it's just what she's used to," says Janne. Asked why they decided to give their children Icelandic names, Janne thinks for a while. "I don't really know why we did that," she laughs. "We were trying to find names we both liked! Frída is kind of international, but we had real trouble finding a boys' name, and we both liked Frosti. So that was that," she explains.

The Westfjords Residency

This year, Janne and Wouter have taken on a new project, alongside running the café and horse rental. The first Westfjords Residency took place in May. "We had been thinking about starting a residency for almost seven years when the opportunity presented itself. What's missing for us in Þingeyri during the winter is mainly social life and happenings. We wanted to do a residency for our own sake. This year, Wouter needed a place for all his tools and equipment. Then this house was available for sale that was bigger than what we needed and for an okay price too. So we bought it, and now the house is a workshop space, with a loft apartment upstairs where people can hang out and work on different projects," says Janne.

From May 8 to May 18, ten artists from USA, Canada, Japan and England visited Þingeyri for the first Westfjords Residency. "We're working with our friend Samantha from Seattle. She made the website, and we consider this a pilot project, a test residency. Our concept is ten artists for ten days – and that's something we intend to do once or even twice a year. In the summer we'll need the space for our volunteers in the café, but from



Á vinnustofunni í nýja húsnæðinu

around October to May, it could be open for three, four artists or individuals that would come here for whatever fits them," she says.

The first group of residents had completely free hands to work on their own projects, but Janne and Wouter don't exclude setting a theme or even a project for future residencies. "They could come help paint the kindergarten, or whatever. Our vision with this, apart from trying to create some more life during winter, is to attract people to the town. We want to move away from thinking about the future only in terms of fish and fishing. We want to create an artistic vision in some way. This could be the first encounter with Þingeyri for some young, creative people. It's hard to come here or move here when you're not a part of the community. The residency might make that easier," she explains. Another goal would be to create jobs for people from the arts or with a background in culture. "We're trying to import a different kind of people than usually exist in villages such as Þingeyri, and trying to inspire them to want to be here," she adds.

This first residency has surely brought some life to Þingeyri. "It's been a lot of fun! It's a good and different group of people, we have a photographer, an architect, a painter and some designers. And just them being here is a breath of fresh air. Some of the boys went running yesterday, up Sandafell mountain. Three hipster boys in tight shorts, running up a mountain," she smiles. "It's a vital breath for the village in one way, it produces a great energy."

Simbahöllin café will be open daily this summer, starting May 22. For more information on the coffeeshop, visit simbahollin.is. For more on the artists' residency, go to westfjordsresidency.com.

Borkó

Heimilisleg stemning á Sumarmölinni

Tónlistarmaðurinn Björn Kristjánsson, einnig þekktur sem Borko, hefur staðið fyrir tónleikaröð, Mölinni, á Drangnesi þá þrjá vetur sem hann hefur verið búsettur þar. Hún hefur getið af sér árlegu tónlistarháttidina Sumarmölinna, sem verður haldin í þriðja sinn 13. júní.

„Mölin hefur alltaf verið haldin á Malarkaffi, sem er veitingahús hérna sem er aðallega opið á sumrin. Það er hins vegar svo lítið að það er takmarkað hvað hægt er að bjóða upp á. Mig langaði að geta haft tónleika með fullskípuðum hljómsveitum og þá kviknaði þessi hugmynd um að halda stærri tónleika að

sumarlagi í samkomuhúsinu,“ útskýrir Björn tilurð háttidarinnar. Á fyrstu háttidinni komu fram hljómsveitirnar Ojba Rasta, Valdimar, Nolo, Jónas Sigurðsson, Borko og Hemúllinn. Í fyrra spiluðu Moses Hightower, Samaris, Sin Fang, Prins póló og samstarfsverkefni Borko og Futuregrapher, auk hljómsveitarinnar Púsl. „Það eru unglingarnir hérna á Drangnesi. Markmiðið með þessu er að hafa svona sambland af stórum hljómsveitum og lókal delikatessen svo að segja – tónlistarfólki af kjálkanum,“ útskýrir Björn. „Markmiðið hefur líka verið að hafa alltaf mikið af konum, svo það verði nú ekki yfirpyrmandi typpalykt af þessu,“ bætir hann við og hlær.

Í ár er von á góðum gestum. Á háttidinni munu koma fram Retro Stefson, Sóley, Ylja, Berndsen og Tilbury, Borko spilar í fyrsta sinn með fullskípaðri hljómsveit á Drangnesi og sveitin Kveld-Úlfur stígur á stökk. „Það er svona önnur útgáfa af Púsl. Söngkona úr þeirri hljómsveit er núna skiptinemi á Nýja Sjálandi og einhverjir aðrir eru fluttir úr þorpinu, en sveitin er skipuð unglingum úr þorpinu,“ segir Björn.

Háttidargestir hafa síðustu ár verið í kringum hundrað og fimmtíu talsins, en Björn segir stemninguna hafa verið afar heimilislega. „Þetta hefur verið góð blanda af heimafélki og vinum og vandamönnum þeirra og öðru aðkomufólki. Þetta er mjög notaleg stemning og heimilisleg, enda svona fjölskylduskemmtun þar sem fólk á öllum aldri og af öllum stærðum og gerðum skemmtir sér saman. Tónleikarnir byrja frekar snemma, svona milli sjö og átta, og eru búnir upp úr miðnætti. En svo er boðið upp á frekari skemmtun fyrir þá sem vilja með plötusnúðum á Malarkaffi. Í ár verður til dæmis FM Belfast DJ sett þar,“ segir Björn frá.

Björn mun ásamt fjölskyldu sinni flytja frá Drangnesi í sumar, en hann segir Sumarmölinna þó ekki vera kveðjuháttid. „Nei, stefnan er að halda áfram með Sumarmölinna, en vetrarmölin verður líklega eitthvað erfiðari – enda var stór partur af henni bara eigingirni. Hún var að ákveðnu leyti til komin af því að okkur langaði að komast á tónleika og fá skemmtilegt fólk í mat til okkar,“ segir hann og hlær.

BRÆÐRABORG

KAFFIHÚS CAFÉ



Notaleg stemmning

Nýbakað brauð og heimatilbúið álegg

Ljúffengir hádegisréttir

Léttar veitingar allan daginn

Hollir og orkumiklir nestisþakkar



Tasty food



Free Wi Fi



Drinks



Gramophone



Organic



Lunch boxes

BOREA ADVENTURES

Komdu út að leika með heimamönnum



Borea Adventures :: Aðalstræti 22b, Bræðraborg :: Sími 456 3322 :: www.Borea.is :: info@Borea.is





Í ár verður áherslan á vestfirsk og ísfirsk ungmenni

Ísfirsk ungmenni standa annað árið í röð í samvinnu við Menningarmiðstöðina Edinborg fyrir listahátíðinni LÚR, stytting á hinum góða frasa Lengst Útí Rassgati. Í ár mun hátíðin hverfast um íslensk og vestfirsk ungmenni og listsköpun þeirra, en á henni er fyrst og fremst lögð áhersla á myndlist, sviðslistir og kvikmyndir.

Fyrsta LÚR hátíðin var haldin í júní í fyrra, en skipulag hennar og framkvæmd er að mestu leyti í höndum ísfirskra ungmenna. Leikurinn er endurtekinn í ár, en eitthvað hefur samsetning hópsins þó breyst. „Það er ákveðinn kjarni sem heldur sér, en sumir eru fluttir burtu eða farnir í háskóla, og aðrir hafa bæst í hópinn. Það er líka nákvæmlega



Seinni LÚR á Ísafirði



Í fyrra tók hátíðin á móti hópum ungmenna frá Rúmeníu og Finnlandi

þannig sem við viljum hafa það, að það eigi sér stað einhver endurnýjun og verkefnið lifir áfram,“ segir Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir, myndmenntakennari og ein upphafsmanna LÚRs.

Í fyrra tóku Lúrarar á móti tveimur erlendum hópum ungmenna, öðrum frá Finnlandi og hinum frá Rúmeníu. Í ár verður áherslan hins vegar lögð á heimahagana. „Við ætlum að fókusera á Ísland og sérstaklega Vestfirði. Við bjóðum upp á listsmiðjur fyrir ungmenni frá 16 til 30 ára og alls konar viðburði,“ útskýrir Ólöf. Dagskráin er nú í mótun, en verður auglýst betur þegar nær dregur. Undirbúningur er í fullum gangi og hún segir hópinn búa að dýrmætri reynslu frá liðnu

ári. „Hátíðin í fyrra gekk mjög vel og var mjög lærdómsrík. Við höldum okkur við svipaða dagskrá af því okkur fannst það gefast mjög vel í fyrra. Hins vegar tókum við sunnudaginn út, hann féll svolítið á milli skips og bryggju, og hátíðin stendur í staðinn frá fimmtudegi til laugardagskvölds,“ útskýrir hún. Þá er ekki síður dýrmætt að orðstír LÚRs hefur nú breiðst út. „Já, þetta er allt öðruvísi í ár. Það eru mun fleiri sem vita af okkur og vilja koma og listamenn hafa haft samband við okkur að fyrra bragði,“ segir Ólöf.

LÚR stendur yfir 25. til 27. júní. Nánari upplýsinga um hátíðina má afla á heimasíðunni lurfestival.wordpress.com, en hátíðina er einnig að finna á Facebook, Twitter og Snapchat.

Glampanði Perlur fjarðarins



Sólsetur í Önundarfirði. Mynd Ásgeir Þrastarson.

Það ætti ekki að fara fram hjá neinum sem sækir hann heim að Önundarfjörður er gósenland ævintýra. Þar er nóg við að vera fyrir alla ferðalanga og ýmisleg ferðapjónusta í boði.

Bryndís Sigurðardóttir og félagarnir í Hrafnasauga stofnuðu fyrr á árinu Perlur fjarðarins, en verkefninu er ætlað að styðja við og efla önfirsku ferðapjónustu. „Við stofnuðum þetta núna í febrúar, ég og strákarnir í Hrafnasauga, sem er heilsutengt ferðafyrirtæki hérna af svæðinu sem hefur staðið fyrir svetti,

floti og fleiri upplifunum tengdum náttúrunni,“ útskýrir Bryndís. „Ég þekkti þessa stráka, Hermann Björn Þorsteinsson, Guðmund Konráðsson og Halldór Bragason. Þeir höfðu verið að hugsa um eitthvað svipað lengi, svo við náðum fljótt og vel saman um að byrja á þessu verkefni,“ segir Bryndís frá.

Með Perlum fjarðarins eru kraftar allra ferðapjóna í firðinum sameinaðir og sameiginleg markaðsstofa beitir sér í þeirra þágu. Bryndís segir mikla vöntun hafa verið á slíkri starfsemi.

„Þetta er stórt verkefni að vinna, en fólk hér er mjög ánægt með þetta og við finnum fyrir miklum meðbyr. Þegar við fórum af stað heimsóttum við nánast alla ferðapjóna í firðinum og hérna á eyrinni og kynntum hugmyndir okkar. Okkur var alls staðar vel tekið,“ segir Bryndís.

Vilja lengja ferðatímabilið

Pau keyptu því næst hús fyrir skrifstofu, vinna að því að gera upp íbúð á efri hæðinni og hafa



Á Holtsbryggju



Skipasmiðurinn Úlfar Önundarson tekur á móti gestum á safninu Úlfarshöfn

þegar komið á koppinn ýmsum nýjungum. „Á meðal þess sem við höfum þegar gert er að taka saman öll tómu húsin á Flateyri og fá að leigja þau út yfir sumartímann. Við erum að byrja að setja þau á heimasíðuna okkar núna. Í firðinum eru líka þrjú hostel, sem eru orðin meira og minna bókuð þetta sumarið, en við fáum þau inn á síðuna hjá okkur á næsta ári,“ útskýrir Bryndís.

Perlur fjarðarins halda einnig utan um ýmsa þá afþreyingu sem í boði er á eyrinni, en þar má nefna Dellusafnið, skipasafnið Úlfarshöfn, þar sem módelskipasmiðurinn Úlfar Önundarson sýnir smíðagripni sína, matsölustaðinn Vagninn, Gömlu bókabúðina og fleira. Perlurnar hafa líka haft frumkvæði að afþreyingu, í sumar mun Vilborg Björnsdóttir til dæmis standa fyrir jurtagöngu með fræðslu um villtar jurtir í firðinum, og staðið verður fyrir fjallgöngum með reyndum leiðsögumanni. Langtímamarkmið verkefnisins er að lengja ferðamannatímabilið, svo ferðapjónar í firðinum geti haft atvinnu af starfi sínu árið um kring. „Við viljum að fólk geti lifað af þessu allt árið, þó það verði auðvitað alltaf minna að gera yfir hörðustu vetrarmánuðina,“ segir Bryndís. „Þetta er eitthvað sem allir eru að slást við og auðvitað langtímamarkmið, en það má ekki gleyma því að fyrir bara fimm árum var ástandið svipað á Suðurlandi. Þá var ferðatímabilið þar bara sumarið, en nú nær það árið um kring. Þetta er ekki ómögulegt, en það þarf að finna leiðir til að ná þessu markmiði,“ segir hún.

Í þessu ljósi munu Perlur fjarðarins standa fyrir námskeiðum sem henta vel í upphafi og lok ferðatímabilsins, með það fyrir augum að lengja það.

Frekari upplýsinga um Perlur fjarðarins og ferðapjónustu í Önundarfirði má afla á síðunni perlurfjarðarins.is eða á samnefndri Facebooksíðu.



LÖGREGLUSTJÓRINN Á VESTFJÖRÐUM

Friðlandið á Hornströndum

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi reglum um friðlandið á Hornströndum:

1. Hvers kyns meðferð skotvopna er öllum bönnuð mánuðina júní til september nema að fenginni sérstakri heimild lögreglustjóra. Utan þess tíma er veiði einungis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja.

2. Öll veiði, bæði fugla og fiska, svo og notkun á húsum, er bönnuð án leyfis landeiganda, sem í hlut á.

3. Öll umferð vélknúinna ökutækja, þ.á.m. torfærutækja, snjósleða, fjórhjóra, dráttarvéla og jeppabifreiða er bönnuð utan vega og merktra slóða.

4. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júní ár hvert, þarf að tilkynna Umhverfisstofnun um ferðalög í friðlandinu. Þetta ákvæði tekur þó ekki til ferða landeigenda.

5. Gangandi fólki er heimil för um svæðið. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum.

Hafið fyrirhugðu í klæðaburði og ferðabúnaði, þar sem allra veðra er von.

**Lögreglustjórinn á Vestfjörðum
Karl Ingi Vilbergsson**

Hornstrandir, Nature reserve

Special attention is drawn to the following rules about the Nature reserve Hornstrandir:

1. All weapons are forbidden to everyone from June until September, unless holding a permission from the District Commissioner. At all other times, hunting/fishing is only permitted to the landowners.

2. Fishing, hunting and the use of private houses is subject to the landowners' permission.

3. All vehicles, such as cross-country, snow mobile, four-wheelers, tractors and jeeps are forbidden outside roads and marked paths.

4. From April 15th until June 15th every year, The Environment Agency of Iceland must be informed about travel in the reserve. This does not apply to landowners.

5. Trecking is permitted in the area. Everyone is obliged to make sure to conserve the ecology, geology and structure of the area.

Show foresight in clothing and travel gear, as weather may change at any time.

**District Commissioner of the Vestfjords
Karl Ingi Vilbergsson**



www.fi.is

Velkomin á **HORNSTRANDIR**

*Ferðir um eyðibýggðir Hornstranda
eru stærsti hluti ferðaáætlunar
Ferðafélags Íslands.*

SKRÁÐU ÞIG INN – DRÍFÐU ÞIG ÚT!





Arne Rawe hefur látið heillast af Hólmavík. Mynd Tobias Textor.

Turtle kvikmyndahátíð: ný nálgun á Hólmavík

Í eina viku í ágúst mun Turtle kvikmyndahátíðin setja mark sitt á Hólmavík. Turtle er hugmynd Arne Rawe, þýsks listamanns sem hefur heimsótt Hólmavík oft á liðnum árum með nemendum sínum frá háskólanum í Düsseldorf. Turtle kvikmyndahátíðin er hans leið til að skilja eitthvað eftir sig á staðnum sem hefur gefið honum svo mikið.

„Ég kom fyrst til Íslands ásamt vini mínum sem var að vinna að verkefni. Hann var að rannsaka tilurð listsýninga og hvernig nálgun fólks á listsýningar breytist eftir því hvort hún er haldin á safni eða inni á heimilum fólks. Hann setti upp átta sýningar á einni viku og ég sá um heimildasöfnun. Hann setti upp sýningar í kjallaranum hjá fólki, stofum, sundlaugum, hvar sem er, og eftir á ræddum við gesti og hann útskýrði hvað hann var að hugsa,“ segir Arne frá. Það var í þessari ferð sem hann heimsótti Hólmavík fyrst. „Ég kynntist fólkinu í kringum Hólmavík dálítið, og mér fór að líka verulega vel við staðinn. Mér líkar svo vel við fólkið þar. Og þess vegna sneri ég aftur með nemendum mína,“ útskýrir Arne. Hann kennir miðlunarfræði í hönnunardeild Háskólans í Düsseldorf og hefur heimsótt Hólmavík með nemendahópum síðastliðin ár.

„Þessar ferðir hafa gengið mjög vel. Nemendurnir fara í viku og vinna að verkefnum sínum og svo setjum við upp sýningu. En ég var kominn með eitthvað óbragð í muninn yfir þessu. Við komum hingað, tókum myndir, tókum á móti öllu því sem fólkið bauð okkur og svo fengu þau ekkert í staðinn,“ útskýrir hann. Hann lagðist því í hugmyndavinnu um hvað hann gæti gert til að vinna betur með fólkinu á Hólmavík, og í þeirri vinnu skaut hugmyndin um kvikmyndahátíð upp kollinum. „Af því að ég þekki þetta fólk þá veit ég líka af mörgum þeim vandamálum sem þau þurfa að takast á við: það er ekki næga vinnu að hafa, fólk er að flytjast burt... Ég var að ræða við vin minn, sem er líka listamaður, um hvað við gætum gert á Hólmavík, hvað við hefðum

upp á að bjóða sem listamenn og hönnuðir, og hvað við gætum lagt af mörkum til að leysa þessi vandamál. Við vorum að reyna að finna einhverja nýja nálgun, sem myndi virkja fólkið í Hólmavík og líka gestina og ferðamennina sem koma þangað. Upp úr því spratt hugmyndin um kvikmyndahátíðina,“ útskýrir Arne.

Turtle kvikmyndahátíðin verður vikulöng og fer fram dagana 10. ágúst til 16. ágúst, en undirbúningstími hennar er ekki síður mikilvægur. „Á undirbúningstímanum verðum við með vinnustofur, sýningar og aðra viðburði. Þetta ferli er að hefjast núna. Ég er fyrstur til landsins, en átta til viðbótar koma frá Pýskalandi á næstu dögum,“ segir Arne.

Hópurinn byggir á reynslu sinni við að halda kvikmyndahátíðir ytra, en Arne er þó vel meðvitaður um að aðstæður hér á landi séu aðrar. „Þetta er svo afskekkt og aðstæðurnar eru allar aðrar. Við höfum líka átt í vandamálum tengdum skipulagi. Þýski hugurinn er svo gjörólíkur þeim íslenska! Í Pýskalandi er allt vel skipulagt og skýrt. Íslendingarnir eru miklu afslappaðri: „Já, við getum það alveg. Á morgun? Já, já.“ Og það virkar!“ segir hann og hlær. „Þetta getur verið svolítið snúið stundum, sérstaklega þegar maður er að vinna með háskóla, en líka dálítið gaman,“ bætir hann við.

Kvikmyndahátíð á ferð

Turtle kvikmyndahátíð mun beina sjónum sínum að gráa svæðinu á milli leikinna kvikmynda og heimildarmynda. „Við vildum gera eitthvað sem hæfði umhverfinu virkilega vel og við vildum líka sýna myndir sem hefðu ekki verið sýndar hér á landi áður. Skjaldborg heimildarmyndahátíðin á Patreksfirði er mjög öflug og svo er RIFF risavaxin í Reykjavík. Við förum að hugsa um að vera þarna mitt á milli heimildarmynda og leikinna mynda, sem mér finnst mjög áhugavert svæði. Maður er kannski að búa til heimildarmynd, en svo er allt í einu einn leikarinn farinn að sýna tilþrif. Þetta eru ekki hnífskörp skil. Í þessu felst líka önnur leið til að

segja sögu og hún hefur sinn styrk,“ segir hann.

Aðstandendur hátíðarinnar koma vel búnir öllum tækjum og tólum, með hágæða færarleg sýningartæki sem munu gefa hátíðinni sterkan svip. „Við fengum styrk frá háskólanum, svo við erum með tvö færarleg bíó, sem koma bara í kassa. Í kassanum er allt tæknilega dótið; dvd-spilari, hágæðakastarar, hljóðkerfi... Það þýðir að við getum í raun sýnt myndirnar hvar sem er. Fyrsta sýningin okkar var undir brú á hraðbrautinni í Düsseldorf, og það virkaði mjög vel,“ segir Rawe. Hann ætlar sér að finna staðsetningar til að para saman við myndirnar og búa þar með til samtal milli kvikmynda og sýningarstaðar.

„Á þann hátt verður þetta enn áhugaverðara, því þá snýst þetta líka um hvernig maður horfir á myndir,“ útskýrir hann. „Við erum komin með mjög áhugaverða dagskrá núna. Við vorum í samvinnu við prófessora í kvikmyndaskólanum okkar og báðum svo um þær myndir sem við vildum. Við erum hins vegar líka með open call á vefsíðunni okkar þar sem hver sem er getur sent inn myndir og verið tekinn til greina. Og auðvitað verða einhver verðlaun, það verður að vera einhver sigurvegari! En við ætlum hins vegar ekki að hafa dómnefnd, heldur leyfa áhorfendum að kjósa sigurvegarann,“ bætir hann við.

Arne og samstarfsmenn hans vonast til þess að með því að virkja íbúa Hólmavíkur í undirbúningsferlinu muni kvikmyndahátíðin að lokum öðlast sitt eigið líf. „Hugmyndin er að fólk kynnist því hversu einfalt það er í raun að gera eitthvað eins og þetta, og jafnvel að hafa það árlegan viðburð. Mig langar að standa fyrir þessu í nokkur ár, en svo myndi ég vilja að fólkið á Hólmavík tæki við og þyrfti ekki á mér að halda lengur. Ég væri ánægður með það,“ segir Arne.

Fyrir frekari upplýsingar um Turtle kvikmyndahátíð má skoða heimasíðuna turtle.is.



Turtle Filmfest býr yfir búnaði sem gerir aðstandendum kleift að halda sýningar mjög víða. Mynd Annika Bethan.

Turtle Filmfest: a different approach

ENGLISH

This August, Hólmavík will play host to Turtle Filmfest, the brainchild of Arne Rawe. Rawe is a German artist who has visited Hólmavík frequently in the last years, often bringing with him groups of students from the University of Düsseldorf. Turtle Filmfest is his way of giving something back to the community that has welcomed him.

“I first came to Iceland with a friend of mine, who was working on an art project about the making of exhibitions and how people’s approach to art changes if you move the exhibition from a museum and bring it into people’s homes. He made eight exhibitions in one week and I documented it. He did exhibitions in people’s basements, living rooms, poolhouses, whatever – and then we would have a talk with the guests, where he explained what he was doing,” Rawe recounts. It was during this trip that he first visited Hólmavík. “I happened to get to know the people in the area of Hólmavík a bit and I really started to like it in a special way. I like the people there a lot. And so, I returned with my students,” he explains. Rawe teaches Communication Theory at the Department of Design at the University of Düsseldorf and has brought student groups to Hólmavík for the past few years.

“The trips have been pretty successful. The students go for a week and work on their project, and then we have an exhibition. But I started to get a bad feeling about it. We just came here, took pictures, took everything that the people offered and then they got nothing in return,” he says. In thinking about what he could do to better integrate the people of Hólmavík in his projects, the idea of a filmfest came up. “Because I got to know these people I also knew about a lot of the problems they were facing: that there aren’t enough jobs, that people are leaving. I was sitting with a friend of mine, who’s also an artist, and we were discussing what we could do in Hólmavík, what we as artists and designers had to offer and what we could

do to change these problems. We were trying to come up with a project with a different kind of approach, that could integrate the people of Hólmavík and also the tourists and visitors coming in. That’s where the idea of a filmfest came from,” he explains.

Turtle Filmfest will be a week-long film festival from August 10 to 16, but the time leading up to it is of no less importance. “During the preparation time we will have workshops, exhibitions and other events. The process is just starting now. I’m the first one to arrive in Iceland, but the rest of the team, around eight people, will arrive from Germany next week,” says Rawe.

The group builds on their experience hosting film festivals in Germany, but Rawe is quite aware that the Icelandic context is different. „This is so rural and the situation is very different. We’ve had some problems in planning some things – the German mind is just completely different from the Icelandic!” he says, laughing. „I know that because I’ve been here before. In Germany, everything is planned and straight. The Icelandic people are more relaxed: yeah, sure, we can do that. Tomorrow? Sure, sure. And it works!” he says, shaking his head. „This can be a bit problematic at times, when you’re working with a university, but also a bit fun,” he adds.

A filmfest on the move

Turtle Filmfest will focus on the often times ignored area between documentaries and fictional films. „We wanted to make something that really fits the environment, and we also wanted to show films that had not been shown here before. They already have the Skjaldborg documentary festival, and then the huge festival in Reykjavík, RIFF. We started thinking about getting in between documentaries and fictional films, which I think is a very interesting area. You’re making a documentary, but suddenly there’s an actor there, trying to impress. It’s

not a clean division. There’s a different way of storytelling and a certain kind of strength to it,” he says.

The filmfest crew comes well equipped with some high-end portable cinemas that will give the filmfest a distinct flair. „We have grant money from the university, so we have two amazing portable cinemas, which come packed in a box. The box contains all the technical stuff, a dvd-player, high end beamers, a sound system... It means that we can pretty much screen films anywhere. The first screening we had was under a highway bridge in Düsseldorf, and that worked just fine,” Rawe says. He intends to look for locations to pair with movies, creating a dialogue between the screening space and the movie itself.

„It becomes even more interesting that way, it’s also about how you look at movies,” he explains. „We’ve got a very interesting schedule now. We’ve collaborated with professors from our film school and basically requested the movies we wanted to show. We also have an open call on our website, where anyone can send in movies and be considered. And there will of course be some sort of award – a winner of something! We’re not going to have a jury, though, but let the public choose a winner,” he adds.

Rawe and his team hope that by involving the local people of Hólmavík in the preparation phase of the festival, it will eventually take on a life of its own. “The basic idea is that people will get the idea of how easy it is to do something like this, and even have it on a yearly basis. I would like to do it for the next few years, but then I would like for them to be able to do this on their own so they don’t need me anymore. I would be happy with that,” says Rawe.

For more on Turtle Filmfest and the schedule, visit turtle.is.

Fjórar aldir frá Spánverjavígum



Teikningar Guillermo Zubiaga varpa ljósi á líf og störf Baskanna við Íslandsstrendur

Það vakti þó nokkra eftirtekt í vor þegar fjögur hundruð ára gömlum lögum var snúið við, með þeim afleiðingum að Baskar voru ekki lengur rétttrápir á Vestfjörðum. Í haust eru fjórar aldir frá því að ódæðisverkin sem ganga undir nafninu Spánverjavígin voru framin í Ísafjarðardjúpi og í Dýrafirði, og í tilefni af því setur Baskavinafélagið upp flökkusýningu um þann grimmilega gjörning sem á sér fáar hliðstæður í Íslandssögunni.

Ólafur J. Engilbertsson er formaður Baskavinafélagsins og jafnframt formaður Snjáfjallasæturis á Snæfjallaströnd, sem er einn viðkomustaða farandsýningarinnar, en þar hefur sögu Baska á Vestfjörðum lengi verið gerð skil. Hann segir viðsnúning hinnar aldagömlu ákvörðunar Ara í Ögri hafa vakið athygli á heimsvísu. „Ég hef verið í viðtölum við blaðamenn víðsvegar að um þessa tilskipun sýslumannsins, fjölmíðlar á Spáni hafa mikið spurt um þetta. Það kemur fólki á óvart að þessi lög hafi verið í gildi í fjögur hundruð ár, að það hafi gleymst að afnema þau,“ segir Ólafur frá. „Þetta gerðist þannig að Súðavíkurdómur lýsti átján skipbrotsmenn rétttræpa, en það var túlkunaratriði hvort þar væri átt við alla Baska. Þessum skipbrotsmönnum var lýst sem stórhættulegum, þeir sagðir hafa rænt nautgripum og kindum á Ströndum og skipi á Dynjanda. Þarna blandast líklega inn ógnin sem stafaði af sjóræningjum á þessum sama tíma, og eins að Danakonungur þrýsti mjög á um að einokunarleyfi hans á veiðum og verslun væri virt,“ útskýrir Ólafur.

Baskar höfðu stundað hvalveiðar hér við land frá lokum 16. aldar, en þeir höfðu þá veitt víða á norðurslóðum, meðal annars við Nýfundnaland og Labrador. „Þeir voru mikil hvalveiðarþjóð og frumkvöðlar í hvalveiðum. Þeir byggðu sér litlar hvalveiðistöðvar í landi, þar sem þeir bræddu spikið, enda var megintilgangur veiðanna hvallýsið sem var notað sem eldsneyti,“ segir Ólafur frá.

Baskar höfðu áður samið við sýslumanninn Ara Magnússon í Ögri, en eftir að yfir áttatíu Baskar urðu skipsbrotsmenn á Ströndum í september 1615 myndaðist mikill þrýstingur á að gripið yrði til aðgerða.

Undir verndarvæg móður

„Íslendingar réðust gegn Bökum og bændum var sagt að ef þeir neituðu gætu þeir átt yfir höfði sér fésektir eða kærur. Æðey var undir yfirráðum Ara í Ögri á þessum tíma. Það fréttist í október að einhverjir Baskar hefðu komið sér fyrir í Æðey, eftir að hópur þeirra hafði rænt skútunni við Dynjanda. Ari fór fyrir fimmtíu manna hópi sem réðist gegn þeim. Það voru að mestu leyti bændur við Djúp búnir frumstæðum vopnum, og ekki allir sjálfviljugir,“ segir Ólafur frá.

Átján Baskar voru drepnir í leiðangri Ara í Ögri, en um fimmtíu þeirra tókst að flýja yfir á Patreksfjörð þar sem þeir dvöldu um veturinn. „Þar er sagt að þeir hafi verið undir vernd Ragnheiðar, móður Ara í Ögri. Hún virðist hafa haldið hlífiskildi yfir þeim. Ari reyndi að komast yfir á Patreksfjörð um veturinn, en varð að snúa við vegna gjörningaveðurs á leiðinni,“ segir Ólafur. Um vorið hertók þessi hópur Baska enskt skip sem kom í Patreksfjörð, náði því á sitt vald og sigldi utan. „Það er talið að enska skipið hafi verið sjóræningjaskip. Svo er ekkert vitað um afdrif Baskanna – hvort þeir komust heim eða hvað. Líklega hefur eitthvað af gögnum brunnið. Það sem til er eru ýmsir dómur og svo frásögn Jóns lærða sem nafngreininir nokkra Baskanna og segir frá atburðinum í nokkuð skýru máli. Mál Martins de Villafranca hefur líklega verið rannsakað mest, en hann var skipstjóri eins hvalveiðiskipsins. Hann var eltur uppi á bát á Sandeyri og grýttur í leiðangri Ara. Bullufrankagjá sem er við Ögurhólma er talin heita eftir honum – Villafranca – og líklega hefur lík hans rekið þangað,“ útskýrir Ólafur.

Fyrsti baskavinurinn

Sýningin sem Baskavinafélagið hefur unnið um Spánverjavígin verður á Snjáfjallasætrinu í sumar, en hún mun fara ansi víða. Sýningin verður í Slunkaríki á Ísafirði í júlí, en einnig á Hólmavík og á Reykjum í Hrótafirði. Hún lýkur svo göngu sinni á Þjóðarbókhliðunni í Reykjavík, þar sem hún verður uppi í september og október. „Við erum svo að vinna í því að hún fari jafnvel víðar og verði sett upp

í San Sebastián, á basknesku,“ segir Ólafur. Sýningin byggir að miklu leyti á teikningum baskneska listamannsins Guillermo Zubiaga, sem hefur teiknað myndasögur um baskneska hvalveiðimenn.

Í tilefni af fjögurra alda afmæli Spánverjavígganna hefur Baskavinafélagið í samstarfi við Mál og menningu einnig gefið út rit Jóns lærða um atburðina, Sanna frásögu af spanskra manna skipbrotum og slagi, og það á fjórum málum: íslensku, basknesku, spænsku og ensku.

Snjáfjallasætur verður opið daglega í sumar frá 17. júní til 16. ágúst, en auk farandsýningarinnar um Spánverjavígin verða hefðbundnar sýningar setursins opnar gestum; byggðasögusýning og sögusýning um Sigvalda Kaldalóns. „Grunnsýning setursins rekur sögu byggðar í Snæfjallahreppi og Grunnavíkurhreppi, og þar er einmitt líka minnst á Jón lærða. Hann kvað niður Snjáfjalladraginn, og Snjáfjallasætur dregur nafn sitt af Snjáfjallavísu sem Jón lærði notaði til þess að kveða hann niður. Jón lærði var líklega fyrsti baskavinurinn á Íslandi og er í heiðurs sessi hjá okkur – það má eiginlega segja að hann sé bæði guðfaðir Snjáfjallasæturis og Baskavinafélagsins,“ segir Ólafur og brosir.

Frekari upplýsingar um setrið má finna á snjafjallasætur.is, en um baskavini má fræðast á slóðinni.baskavinir.is.



Á Snjáfjallasætri í Dalbæ má fræðast um Spánverjavígin í sumar og skoða aðrar sýningar setursins



Velkomin í Reykhólahrepp

Unaður augans



Grettislaug á Reykhólum Sundlaug, heitir pottar, tjaldsvæði

1. júní – 17. júní: Opið virka daga kl. 14-22 og helgar kl. 10-20
18. júní – 9. ágúst: Opið virka daga kl. 12-22 og helgar kl. 10-20
10. ágúst – 31. ágúst: Opið virka daga kl. 16-22 og helgar kl. 12-20
Aðrir tímar ársins: Opið virka daga kl. 16-20 og laugardaga kl. 16-20
Lokað á miðvikudögum og sunnudögum á veturna

Reykhólahreppur spannar alla Austur-Barðastrandarsýslu eða meira en þúsund ferkílómetra. Þangað eru aðeins rúmlega 200 km frá Reykjavík og öll leiðin með bundnu slitlagi. Tilvalið að skella sér og njóta hinnar einstöku náttúru sem þetta víðlenda hérað hefur að bjóða.

Í Reykhólahreppi eru kjöraðstæður til fuglaskoðunar. Fuglalífið er ríkulegt enda Langavatn rétt fyrir neðan Reykhólaborp.

Þorpið vinalega á Reykhólum er 15 km frá sumarhótelinu Bjarkalundi sem flestir þekkjá. Á Reykhólum er frábær 25 m útisundlaug kennd við Gretti sterka.

Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum gefur þér kost á að kynna bæði æðar fuglinum og súðbyrðingunum breiðfirsku á skemmtilegan hátt. Í sama húsi er upplýsingamiðstöð sem aðstoðar ferðamenn á alla vegu.

Þörungaverksmiðjan á Reykhólum, sem kölluð hefur verið náttúruvænasta stóriðja í heimi, nýtir þara og þang Breiðafjarðar í mjölframleiðslu til útflutnings en orkan er jarðhiti. Á Reykhólum eru framleiddar heilsuþætandi þaratöflur og líka er í boði að skella sér í þarabað. Heilsan er í fyrirrúmi.

Hvernig væri svo að bregða sér með Eyjasiglingu um eyjarnar ótalmörgu á Breiðafirði?

Sumarið 2012 verður viðburðaríkt í héraðinu og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Þar á meðal eru útivistarhelgi, bátadagar, Reykhóladagar og margt fleira.

Hlökkum til að sjá ykkur!
reykholar.is



Upplýsingamiðstöðin

Upplýsingamiðstöð ferðafólks á Reykhólum
Gamla samkomuhúsinu við Mariútröð
(við afleggjarann niður í Reykhólaborp)
Sími: 434 7830
info@reykholar.is

Frekari upplýsingar á www.reykholar.is





Dagrún Ósk Jónsdóttir, yfirnáttúrubarn á Sauðfjársetrinu.



Á meðal viðfangsefna Náttúrubarnaskólans verða fjöruferðir, gönguferðir og fleira spennandi. Allar myndir Jón Jónsson.



Náttúrubarnaskólinn er fyrir allan aldur



Sauðfjársetrið á Sævangi er áhugaverður viðkomustaður fyrir alla fjölskylduna

Nám í Náttúrubarnaskólanum

Sauðfjársetrið á Sævangi bryddar í sumar upp á nýjung í formi Náttúrubarnaskóla, þar sem börn - og barnssálir á öllum aldri - fá að efla tenginguna við sitt innra náttúrubarn.

Dagrún Ósk Jónsdóttir er umsjónarkona Náttúrubarnaskólans og yfirnáttúrubarn, og hún segir hugmyndina nokkurra ára gamla. „Við erum búin að vera að hugsa um þetta í svölítinn tíma, en við ákváðum að kýla á þetta núna, sóttum um styrki fyrir verkefnið og lítum á þetta sem dálítið tilraunasumar,“ segir Dagrún. „Í okkar huga er þetta fjölskylduverkefni, en auðvitað mega börn koma sjálf – og fullorðnir að sjálfsögðu líka,“ segir hún brosandí.

Boðið verður upp á fjögurra tíma námskeið á hverjum fimmtudegi í sumar, en auk þess mun Náttúrubarnaskólinn standa fyrir þremur

helgarnámskeiðum, þar sem kennt er í fjóra tíma á dag. „Námskeiðin snúast um að vera úti, læra á náttúruna og gera annað skemmtilegt. Við ætlum að fara í fjöruferðir, gönguferðir, búa til jurtaseyði, fuglahræður, senda flöskuskeyti og fönndra ýmislegt. Í leiðinni lærum við um fugla, dýr, fjöruna og ýmislegt sem á vegi okkar verður,“ útskýrir Dagrún. „Það verður eitthvað nýtt á hverju námskeiði, ef fólk skyldi vilja koma oftar en einu sinni. Á helgarnámskeiðunum búum við svo til einhverja kvöldvöku og skemmtun á laugardagskvöldinu, grillum og höfum gaman,“ segir hún.

Náttúrubarnaskólinn er ekki fyrsta verkefnið sem Dagrún vinnur með Sauðfjársetrinu. „Ég setti upp álagablettasýningu þar þarsíðasta sumar í samstarfi við pabba minn. Við tókum myndir

og skrifuðum texta um álagabletti á Ströndum, sem kom í ljós að voru hátt í 80 talsins. Við höldum að þeir yrðu ekki nema um fjörutíu, en þegar við fórum að tala við fólk vissu margir um svona staði: svæði þar sem ríkir bannhelgi eða sem einhver álög hvíla á. Það er algengast að svæðin tengist álfum og huldufólki og séu þá nálægt bústöðum þeirra, sem það er bannað að hreyfa við,“ útskýrir Dagrún, en sýningin er enn uppi á Sauðfjársetrinu og opin gestum í sumar.

Um Sauðfjársetrið og sumardagskrá þess má fræðast á slóðinni strandir.is/sauðfjarsetur eða Facebook-síðu safnsins, en Náttúrubarnaskólann má einnig finna á Facebook. Stök námskeið í Náttúrubarnaskólanum munu kosta 2.500 krónur, en helgarnámskeið 5.000.



Það verður nóg um að vera á Skrímslasetrinu í sumar

Stórsókn skrímsla á Bíldudal

Skrímslasetrið á Bíldudal hefur laðað að sér margan áhugamanninn um kynjaskepnur síðastliðin ár. Í sumar tekur safnið í notkun nýjan snertiskjá, þar sem hægt verður að kynnast enn fleiri skrímslum en áður.

„Við höfum verið með gagnvirkt borð þar sem hægt er að leita að sögum af skrímslum í Arnarfirði á korti. Nýja borðið er af svipuðum toga, en það er snertiskjár þar sem nálgast má upplýsingar um öll helstu skrímsli heimsins á heimskorti. Þetta eru um 32 skrímsli af ýmsum toga. Sum þeirra eru duldýr – sem sé dýr sem menn telja að séu til, þó ekki hafi verið vísindalega sýnt fram á tilvist þeirra, en svo eru aftur á móti líka goðsagnakenndar verur þarna sem er nú eiginlega ekki líklegt að

fólk trúir beinlínis á,“ útskýrir Ingimar Oddson, skrímslastjóri setursins.

Skrímslasetrið mun í sumar taka þátt í Atlas Obscura, alþjóðlegum degi skríttinna safna og svæða. „Við köllum það Huliðsdaginn. Hann er haldinn 30. maí og þá bjóðum við upp á skrímsladag eins og við höfum haft áður, stöndum fyrir spurningakeppni, höldum fyrirlestra og bjóðum upp á mat og skemmtun um kvöldið,“ segir Ingimar frá.

Setrið mun einnig standa fyrir ýmsum öðrum uppákomum í sumar. Opið verður fram á kvöld nokkra daga og þegar líður á sumar bætast við fleiri uppákomur. Í þessum höfuðstað íslenskra skrímsla er ýmislegt spennandi í farvatninu, en setrið vinnur nú meðal annars að því að sækja um styrk í samvinnu við

alþjóðlegan skrímslahóp, með það fyrir augum að koma á farandsýningu. „Þetta er alþjóðlegur hópur skrímslasafna, eins og til dæmis Loch Ness safnið í Skotlandi. Ef af verður fengjum við að hafa þessa farandsýningu á næsta ári. Það er ýmislegt í gangi og það er svo skemmtilegt – við sjáum að söfn eins og þessi vekja athygli víða um heim. Fleiri söfn eru að spretta upp, fólk gefur út bækur og fleira. Í fyrra kom til dæmis út stór myndabók með kortum af heiminum sem fjallaði um skrímsli frá miðöldum og endurreisnartímabilinu. Allt svona reynum við að nálgast og hafa aðgengilegt í safninu,“ segir Ingimar.



Um Skrímslasetrið má fræðast betur á vefsíðunni skrimsla.is eða á Facebook-síðu safnsins.

Fiskbúð

- Рыбный магазин
- La poissonnerie
- Sklep rybny
- คนขายปลา
- Tindero ng isda
- Marisqueria
- Peixaria
- Der Fischladen
- Magazin de peste

- Local Fish Shop
- Fiskebutik
- Fiskaffär
- Kalakauppa
- 鱈店
- 魚屋
- Fishmongers
- 생선
- Viswinkel
- Fiskeforretning

Opið mán. - fös.
11:00 - 18:00
s: 456-4400





Eldurinn kyntur



Hrafnsauga býður upp á nánd við náttúruna



Svett í faðmi hafs og fjalla er ólýsanleg upplifun

Núvitund og náttúra

Guðmundur Konráðsson er einn forsprakka Hrafnsauga, heilsumiðaðrar ferðapjónustu í Önundarfirði sem býður upp á öðruvísi, og nánari, náttúruupplifanir en alla jafna tíðkast. Hann hefur meðal annars staðið fyrir floti, svetti og gönguferðum í anda núvitundar.

„Ég hef stundað svett í á fimmtánda ár og verið hér og þar – en ég get sagt að fyrir mína parta kemst ekkert í hálfkvisti við svett í vestfirskri náttúru. Það magnar upplifunina algjörlega upp,“ segir Guðmundur. Vinsældir svetts hafa aukist hér á landi síðustu ár, en þar er átt við hreinsandi gufubað sem virkar jafnt á líkama, huga og sál. Notast er við hitaða steina og ýmsar jurtir til að ná fram hreinsandi áhrifum, auk þess sem möntrur og öndunaræfingar leika jafnan stóran þátt í upplifuninni sem fer fram í nokkrum lotum.

Guðmundur og félagar hans í Hrafnsauga hafa síðustu ár þróað svett upplifunina áfram. „Við erum núna komin með færanleg tjöld og góðan aðbúnað. Við eigum okkur nokkra uppáhaldsstaði, en svo erum við alltaf að leita að nýjum staðsetningum. Okkar markmið er aðallega að vera einhvers staðar þar sem er góð náttúruorka, og draga þátttakendurna þá djúpt inn í náttúruna. Við horfum svolítið til þess að

vera nálægt sjó, þar sem haf og land mætist,“ útskýrir hann.

Hann segir svettið í raun fela í sér þrjá þætti. „Fyrst og fremst er það þessi líkamlegi þáttur: maður svitnar rosalega mikið, og jurtirnar og olíurnar sem eru settar á steinana ýta undir þá upplifun. Annar þátturinn er huglægur: hann byggist á því að fólk gefi eftir og losi um spennu og óþægilegar hugsanir. Það sekkur nánast ofan í grasið. Þriðji þátturinn er svo að einhverju leyti andlegur: fólk upplifir oft skynjanir sem fara inn á það sem mætti kalla andlegar brautir.“ Hann segir þó allt í svettinu hverfast um mýkt. „Þetta miðar allt að því að gefa eftir. Þá er maður kominn inn í ákveðna mýkt sem er í náttúrunni,“ segir Guðmundur.

Vaknað með firðinum

Hrafnsauga hefur einnig staðið fyrir göngum um fjörðinn sem þeir kalla Vaknað með firðinum og Sofnað með firðinum. „Það er nokkurs konar uppfærð útgáfa af fuglaskoðun. Gangan gengur út á það að fylgjast með því sem er að gerast og þá grípa fuglarnir alltaf athyglina,“ segir Guðmundur. Hann segir hvort tveggja svett og göngurnar hafa sterka tengingu við það sem er kallað núvitund. „Þetta er algjörlega náskyllt

núvitundarbylgjunni, en bara önnur nálgun,“ segir Guðmundur. Auk þessa ferða hefur Hrafnsauga einnig staðið fyrir fleiri náttúru-miðuðum gönguferðum og ýmsum atburðum tengdum floti og jóga. „Við erum að gera dálítið út á fyrirbæri sem er alltaf að ryðja sér meira til rúms og kallast slow travel,“ útskýrir hann.

Með áherslunni á náttúrumiðaða upplifun opnar Hrafnsauga líka möguleika á því að starfa yfir vetrartímamann, sem er oftast en ekki afar tíðindalítil. „Það er til stór hópur fólks sem sækir í einangrun og sem myndi algjörlega kunna að meta ferðir að vetrarlagi, en það sem vantar er prógrammið. Það er til dæmis algjörlega einstök upplifun að vera á Flateyri í brjáluðu vetrarveðri,“ segir hann og brosir. „Perlur fjarðarins, sem við erum í samstarfi við, verður vettvangur til að koma okkur á framfæri. Við erum búnir að vera að byggja þetta upp jafnt og þétt og erum komnir á gott skrið. Fyrir utan svett-tjaldið erum við núna líka komnir með mongólskt yurt tjald sem við verðum með í Önundarfirði í sumar, og sem fólk getur leigt nótt og nótt og sofið í algjörrri kyrrð í faðmi hafs og fjalla.“

Fyrir frekari upplýsingar um Hrafnsauga má heimsækja síðuna hrafnsauga.is eða perlurfjarðarins.is.



BORÐA DREKKA

TYGGJA

WRIGLEY'S
Extra



Helga Rakef Rafnsdóttir segir Skjaldborg einstaka upplifun

Uppskeruhátíð á Patró

Um hvítasunnuhelgi ár hvert er Patreksfjörður undirlagður bíóelskandi hjörð fólks. Þá fer þar fram heimildarmyndahátíðin Skjaldborg, nokkurs konar uppskeruhátíð og árhátíð heimildarmyndagerðarfólks á Íslandi. Þar eru frumsýndar nýjar íslenskar heimildarmyndir og hafa heimtur sjaldan eða aldrei verið eins góðar og í ár.

Helga Rakef Rafnsdóttir hefur sjálf tekið þátt á hátíðinni í tvígang og reyndar unnið í bæði skiptin; í fyrri skiptið fyrir heimildarmyndina Kjötborg, um bræður sem reka síðustu kjörbúðina í Reykjavík og viðskiptavinum þeirra; en í seinna skiptið nú í fyrri, fyrir hina margverðlunuðu Salóme, sem hún framleiddi. Síðustu ár hefur hún einnig komið að skipulagi og séð um heiðursgesti hátíðarinnar.

„Ég kynntist þessu fyrst þegar ég fór með Kjötborg og við unnum mjög óvænt. Þá var Albert Maysles heiðursgestur. Hann er algjör goðsögn í þessum bransa og hann og bróðir

hans, David, eru frumkvöðlar í heimildarmyndagerð á heimsvísu. Það var alveg absúrd og ótrúlega skemmtilegt að sitja og drekka bjór með honum á Porpinu á Patreksfirði á meðan það snjóaði úti. Hann var þá 82 ára en er núna nýrdáinn. Síðan þá hef ég alltaf reynt að taka frá þennan tíma og fara á hátíðina, þó ég hafi ekki alltaf komist,“ segir Helga Rakef frá. Í fyrri stóð hún fyrir komu heiðursgestins Victors Kossakovsky, annars stórs nafns úr bransanum, og nú í ár sér hún um heiðursgestina Sigríð Dyekjær og Eva Mulvad frá Danmörku, en þær eru á meðal fremsta kvikmyndagerðarfólks í heimi á sviði skapandi heimildarmynda. „Skjaldborg er svo mikil grasrót og að fá þessar tvær konur tengist því sem er efst á baugi í kvikmyndagerð þessa dagana, sem er staða kynjanna. Það er mjög gaman að fá þær,“ segir Helga.

Skjaldborg hefur þó líka gert íslenskum heimildarmyndagerðarmönnum skil, og Friðrik Þór og Þorfinnur Guðnason hafa til dæmis verið heiðursgestir. „Svona er þessi hátíð, það eru

allir svo metnaðarfullir og markið er sett svo hátt í sambandi við allt, ekki síst heiðursgestinn. Svo finnst mér líka sérstaklega gaman að sjá fólk sem kom með mynd fyrir einhverjum árum snúa aftur með nýjar myndir núna. Ég held að dagskráin hafi heldur aldrei verið veglegri eða meira krassandi og spennandi,“ segir Helga.

Hún segir það engan vafa að Skjaldborg, sem nú er haldin í níunda sinn, eigi þar hlut að máli. „Það er ótrúlega gaman að fylgjast með fólki styrkjast í sínu starfi og þetta er algjörlega liður í því. Svo er þetta líka árhátíð heimildarmyndagerðarmanna, maður kynnist svo mörgum og eflir tengslin. Það skilar sér áfram í starfinu,“ segir Helga.

Þá má ekki láta ónefnt að stemningin á Skjaldborg er flestum ógleymanleg sem hana upplifa. „Ég er af norðanverðum Vestfjörðum og finnst mjög gaman að hafa tengst sunnanverðum Vestfjörðum í gegnum Skjaldborg. Patreksfjörður er svo fallegur og það eru fastir punktar sem maður vill ekki missa af: limbókep-



Fyrir utan Skjaldborgarbió.



Helga Raket, heiðursgesturinn Victor Kossakovsky, og spænska kvikmyndagerðarkonan Ainara Vera, í skoðunarferð í Önundarfjörð sumarið 2014.

pnin, plockfiskurinn, að fara í sund... Þetta er með því skemmtilegra sem ég geri. Fólk kynnist ekki í alvöru fyrr en það fer saman í í limbó," segir Helga og hlær við.

Vestfirskar myndir á Skjaldborg:

Á dagskrá hátíðarinnar í ár eru tvær vestfirskar heimildarmyndir.

Amma er mynd eftir Flateyringinn Eyþór Jónsson. Hún er persónuleg og falleg lítil mynd um jólin, sem hann hefur alltaf varið með mömmu sinni og ömmu, á sama stað. „Síðustu jólin ákvað hann að dokumentera þetta og svo urðu þetta síðustu jólin hans með ömmu sinni, því hún dó núna í vor,“ útskýrir Helga. Eyþór hefur áður sýnt heimildarmyndina Fjallabræður, um samnefndan karlakór, á Skjaldborg, og framleitt leiknu myndina Sker. Hann stundar nú nám við Kvikmyndaskóla Íslands.

Ef veður leyfir er heimildarmynd um mæðginin Elísabet og Þór, sem búa á Ingjaldssandi. Hana gerir Huldur Breiðfjörð í samstarfi við pólska kvikmyndagerðarmenn. Elísabet og Þór eru síðustu ábúendurnir á Ingjaldssandi. Hann gengur í grunnskóla á Flateyri í Önundarfirði, en Elísabet sinnir bústörfum. Sandsheiðin, sem skilur þau að, verður gjarnan svo torfær á veturna að oftast en ekki kemst Þór ekki heim úr skóla vikum saman.

Af öðrum vestfirskum heimildarmyndum sem sýndar hafa verið á Skjaldborg má nefna áðurnefnda mynd um karlakórinn Fjallabræður; Útrás eldri borgara eftir Lýð Árnason og Jóakim Reynisson; Jón og séra Jón eftir Steinþór Birgisson; og heimildarmyndina Norð Vestur, eftir Einar Gunnlaugsson, sem sýnd var sem verk í vinnslu á hátíðinni árið 2008.

Velkomin í
Galdraporpið
Hólmavík



Ferðapjónusta í Strandabyggð

GISTING:
Snartartunga í Bitrufirði
Ferðapjónustan Kirkjubóli
Gistiheimilið Borgarbraut
Steinhúsið, Hólmavík
Gistihúsið, Broddanesi

TJALDSVÆÐI:
Tjaldsvæðið á Hólmavík

SÝNINGAR OG SÖFN:
Galdrasafnið á Hólmavík
Sauðfjársetur á Ströndum

AFÞREYING:
Sundlaugin á Hólmavík
Golfvöllurinn Skeljavík

HESTAFERÐIR:
Svaðilfari á Laugalandi
Strandahestar Hólmavík

VEITINGAR:
Sauðfjársetur á Ströndum
Café Riis á Hólmavík
Söluskáli KSH

Við lofum
góðum dögum á Ströndum!



Upplýsingamiðstöð ferðamála á Hólmavík - Sími 451 3111 - info@holmavik.is - www.holmavik.is/info




Komdu á Kaffi Ísól

Í hjarta Ísafjarðar
að Austurvegi 1


Allt til að seðja hungrið ...





Heydalur

456 48 24 - heydalur@heydalur.is
www.heydalur.is



KAYAK CENTER ICELAND

Sudurtangi 2 - 400 Isafjordur - Iceland
Phone: +354 895 5518 +354 661 6475
Email: info@kayakcenter.is
Website: http://www.kayakcenter.is
KayakCenterIceland

Finna Hótel

Verið velkomin á Finna Hótel, Hólmavík
 Gisting allt árið um kring.
 Uppbúin rúm og morgunmatur.
 Eldunaraðstaða.



Falleg gisting í fallegu umhverfi.
 www.finnahotel.is
 Borgabraut 4, 510 Hólmavík
 Sími: 451-3136 netfang: finnahotel@simnet.is



Gisting og kajakleiga á Flateyri

Accommodation and Kayak Rent in Flateyri
 Tel: 456-7762 & 863-7662 - Mail: kajak@simnet.is

Víða leynast náttúruperlur Piðriksvalladalur - Piðriksvallavatn



www.ov.is - Sími 450 3280

Litlibær í Skötufirði

Opið alla daga frá 10:00 til 17:00
 Kaffi og heimager meðlæti
 Margskonar handverk
 S: 456 4809 / 894 4809

LEIFSBÚÐ CAFÉ

við höfnina í Búðardal



Opið alla daga 12:00 - 18:00 • Sími: 434 1441

Hótel Sandafell



Gistihús / Guesthouse // Veitingastaður / Restaurant

Gistihús og veitingastaður staðsett í stórbrotnu umhverfi Dýrafjarðar
 A guesthouse and a restaurant placed in the magnificent nature of Westfjords
 Rúmgóð herbergi með útsýni / Rooms with a view
 Þráðlaust internet / Wireless internet

www.hotelsandafell.com
 tel: +354 456 1600

HJÓLBARDAPJÓNUSTA
 SMURPJÓNUSTA
 BREMSUJÓNUSTA
 PÚSTPJÓNUSTA

LJÓSASTILLING
 SMÁVIDGERÐIR
 VARAHLUTAPJÓNUSTA

BÍLAVERIÐ ehf

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR

Sindregata 14, 400 Isafjarður • Símar: 456 3501 / 894 9499
 Netfang: bilaverid@bilaverid.is / Vefvang: bilaverid.is

Verið velkomin



Opið
 virka daga kl. 07-17
 laugardaga kl. 07-17
 sunnudaga kl. 08-17

Gamla bakaríð
 GAMALT EN STUNGT

Aðalstræti 24
 Sími 456 5226

ÆVINTÝRI Á BREIÐAFIRÐI

- Vikingasushi Ævintýri
- Ferjan Baldur
- Flatey, eyjan þar sem tíminn stendur í stað



vikingsUSHI

SÍMI: 433 2254
 Sæferðir - Smiðjustíg 3 - Stykkishólmi - Snæfellsnes



www.saeferdir.is



ÖGUR TRAVEL
 Kayak and Hiking Trips in the Historical Region of the Westfjords



www.ogurtravel.com
 Ögur ehf. • ogur@ogurtravel.com • Tel: +354 857-1840

Forréttindi að vera á Hesteyri





Birna Hjaltalín Pálsdóttir og börn hennar hafa sérstakt dálæti á Hesteyri



Kvöldtónleikar á pallinum

Hrólfur Vagnsson býr og starfar í Hamborg, en sumrunum ver hann á Hesteyri í Jökulfjörðum, þar sem fjölskylda hans á og rekur Læknishúsið fallega. Hrólfur og fjölskylda hlutu nýlega styrk frá Ferðamálaráði til uppbyggingar við Læknishúsið, en þar áforma þau að setja upp litla vatnsaflsvirkjun og hætta þar með allri olíubrennslu.

Læknishúsið hefur verið í eigu fjölskyldunnar í rúm sautján ár frá því móðir Hrólfis, Birna Hjaltalín Pálsdóttir, festi kaup á því. Faðir Hrólfis, Vagn Margeir Hrólfsson var fæddur á Hesteyri og staðurinn var þeim hjónum og fjölskyldunni allri kær.

„Húsið var upphaflega læknisbústaður, eins og nafnið gefur til kynna. Það er byggt 1901, en var svo yfirgefið 1952, þegar fólkið fór frá Hesteyri. Fólk kom svona aðeins og leit til með húsunum en okkar hluti fjölskyldunnar fór að fara norður upp úr 1965. Þá keyptu foreldrar mínir Skólahúsið og síðan Læknishúsið um 1993. Mamma átti þann draum að geta verið þarna lengur yfir sumrin og með þessu var komið tækifæri til þess – hún gat hellt upp á kaffi og bakað pönnukökur fyrir göngufólki og aðra gesti sem heimsóttu Hesteyri. Svo höfum við bara haldið áfram að bæta aðstöðuna og dvöl okkar á Hesteyri hefur lengst frá ári til árs,“ útskýrir Hrólfur.

Hann er einn sjö systkina, en sá þeirra sem hefur best tók á því að dveljast á Hesteyri yfir sumarið. „Ég starfa sem tónlistarmaður hérna í Hamborg og er frilans, svo ég á fremur auðvelt með að segja að nú verði ég fjarverandi í þrjá, fjóra mánuði. Ég er farinn að hlakka til að fara að fara norður í sumarið bara rétt eftir jól,“ segir hann og hlær við. „Þó Hamborg sé ekkert risastór áttar maður sig enn betur á því hvað staður eins og Hesteyri er dýrmætur þegar maður býr í svona stóru samfélagi. Þetta er algjörlega á heimsmaelikvarða, lífsgæðin og forréttindin sem felast í því að fá að vera þarna í kyrrðinni,“ bætir hann við.

Gestum fjölgar

Rekstri á Hesteyri fylgir mikil viðhaldsvinna og ómögulegt er að segja fyrir um hvernig húsin koma undan vetri hverju sinni. „Það eru auðvitað endalausar viðgerðir og viðhald á húsinu, og það getur allt gerst í þessum vetrarveðrum. En það tilheyrir þessu bara,“ segir Hrólfur.

„Við höfum alltaf lagt okkur fram um að hlúa vel að húsinu og halda öllu í góðu standi. Nú langar okkur að bæta um betur og fengum þess vegna styrk frá Ferðamálaráði til að setja upp litla túrbínu, vatnsaflsvirkjun sem nægir fyrir þetta hús. Okkur langar að vera aðeins meira í takt við nútímann og hætta allri olíubrennslu þarna fyrir norðan. Fyrir þremur árum smíðaði ég litla rafstöð sem dugði til að keyra frystiskáp og ísskáp og reyndist mjög vel. Það er náttúrulega ekki beint hægt að stökkva í Bónus þarna fyrir norðan,“ segir hann og kímir. „Nýja túrbínan á að nægja til að sjá húsinu fyrir hita og rafmagni,“ útskýrir hann.

Hrólfur segir straum ferðamanna til Hornstranda hafa aukist mjög á síðastliðnum sex, sjö árum. „Við höfum núna starfað þarna í sautján

ár, frá því að mamma byrjaði á þessu í samvinnu við Hafstein og Kiddý á Ísafirði. Þetta var frekar fámennit í byrjun en hefur aukist töluvert mikið á síðustu árum. Það tengist komu skemmtiferðaskipanna, sem hefur náttúrulega fjölgað töluvert,“ segir Hrólfur. Hann segir fjölskylduna þó ekki hyggja á að stækka við sig. „Hér eru sem betur fer strangar reglur um uppbyggingu á svæðinu og hjálpa þær við að stjórna þeim fjölda sem kemur hingað. Við erum með kaffisölu alla daga, tökum á móti göngufólki og næturgestum í húsinu,“ segir Hrólfur og bætir við: „Okkar hlutverk er gera dvöl gesta okkar eins skemmtilega og mögulegt er. Þau eru orðin mörg lögin sem hljómað hafa út í sumarnóttina frá Læknishúsinu,“



þar sem söfnunardellan á sér engin takmörk.



Opnunartími frá kl. 13-15 eða eftir nánara samkomulagi. Opið frá 1. júní til 20. ágúst.
 Hafnarstræti 9 | Flateyri
 Netfang: dellusafnid@simnet.is
 Aðgangseyrir: kr. 1.000.- Frítt fyrir börn 12 ára og yngri.
 Öryrkjar og eldri borgarar greiða kr. 700.-

Vertu vinur okkar á | facebook

Akkeri kastað á Ísafirði



Matur hefur verið eitt helsta áhugamál Steff frá barnsaldri

Steff Hilty kom til Ísafjarðar í ævintýraleit á seglskútu frá Grænlandi. Steff er upprunalega frá Liechtenstein og hefur haft áhuga á náttúru og matseld frá unga aldri. Þessa dagana ber hún á borð dýrindis rétti, bæði úr tungarðinum og lengra að komna, fyrir Ísafirðinga á kaffihúsinu Bræðraborg.

Sé fyllstu hreinskilni gætt var koma Steff á skútunni ekki fyrsta heimsókn hennar til landsins, eða Ísafjarðar. Hingað til lands kom hún fyrst sextán ára gömul, eftir að hafa skrifað nokkuð merkilegan óskalista fyrir jólin. „Ég gaf pabba mínum það í jólagjöf að hann mætti fara með mig til Íslands. Ef pabba manns finnst að hann þurfi að styrkja sambandið við unglingsdótturina virkar þetta greinilega nokkuð vel,“ segir hún og brosir. „Við komum og ferðudumst til Akureyrar að hausti. Í stuttu máli elskaði ég það,“ bætir hún við. Í kjölfarið fylgdu tvær Íslandsferðir til viðbótar, í annarri dvaldist hún í Reykjavík og seinna ferðaðist hún um landið í viku. Leiðin lá þó aldrei til Vestfjarða.

„Svo ákvað ég að verja hálfu ári hérna og ferðast um. Ég hafði þá verið í ljósmyndunarnámi í Berlín, ekki í háskóla, heldur sem nemi hjá ljósmyndara. Þegar ég lauk því langaði mig virkilega, virkilega mikið að komast í burtu. Ég hafði sérhæft mig í landslagsljósmyndun, svo mér datt í hug að koma hingað og vera í gósenlandinu,“ útskýrir hún.

Leit hennar að ævintýrum og landslagi leiddi hana að lokum til Ísafjarðar í sumarlok 2013. „Það sem gerðist var að ég varð þrítug. Stærsta ósk mín var að fara til Grænlands og ég hafði heyrt af seglskútunni Auroru Arktiku, sem er staðsett hérna á Ísafirði. Ég hafði samband við skipstjórnann, Bubba, en hann átti þá bara lausa eina ferð, síðustu ferð sumarsins, frá Grænlandi í höfn á Ísafirði. Foreldrar mínir gáfu mér ferðina í afmælisgjöf, svo ég flaug til Grænlands og sigldi svo hingað,“ útskýrir Steff.

Að verða ástfangin

Fyrir ferðina til Grænlands kom Steff til Ísafjarðar að hitta skipstjóra og áhöfn skútunnar. „Já, og ég tók þátt í Mýraboltanum líka, það var gaman. Það var eitt af því sem lokkaði mig hingað fyrir ferðina. Og svo fannst mér Ísafjörður bara frekar finn staður,“ segir hún. Eftir komuna frá Grænlandi dvaldist hún um hríð áfram um borð í skútunni og fékk að gista þar. „Fyrir það hafði ég líka sofið í bílnum mínum. Ég lifði eins og einhver flækjngur, ætli það megji ekki kalla það það. Þetta er allt mjög rómantískt. Sérstaklega á Íslandi, þar sem hitastigið er svona eins og inni í ísskáp,“ segir hún og hlær.

Og svo varð hún ástfangin. „Það spyrja mig alltaf allir hvort ég varð ástfangin af staðnum eða manneskju. Ég skil það alveg – það er vel mögulegt að verða ástfangin af þessum bæ. En nei, í mínu tilfelli var það manneskja!“

segir hún. Steff býr nú á Ísafirði ásamt kærustu sinni Hörpu, og stjúpðætrum sínum Hjördísi, sex ára, og Sigrúnu, tíu ára. Hún hefur líka fundið starf sem hún blómstrar í.

„Ég held ég hafi verið rosalega heppin. Ég held að það mikilvægasta, fyrir utan að eiga fjölskyldu og vera ástfangin, sé starf. Sérstaklega hérna á Íslandi, þar sem það er yfirleitt það fyrsta sem fólk spyr um, hvað maður geri,“ segir hún. Eftir komuna til Ísafjarðar leitaði skipstjórninn á Auroru, Bubbi, til Steff um að sjá honum fyrir mat fyrir leiðangra hans á skútunni. „Ég var að baka alls kyns dót og búa til skrytna rétti – ég hafði nægan tíma til að leika mér – og ég fór alltaf með prufur til hans. Það þróaðist þannig að við vorum komin með samning um að ég séi honum fyrir mat í ferðunum. Þær hófust yfirleitt í mars, þegar hann fór í vikulegar ferðir á Hornstrandir. Hann var fyrsti maðurinn til að styðja mig í þessu,“ segir Steff frá.

Hún var einnig farin að taka þátt í öðrum verkefnum Borea áður en langt um leið, sem leiðsögumaður í kringum Ísafjörð. „Það var eiginlega frekar fyndið, ég að leiðsegja þessum hópum af skemmtiferðaskipunum, þegar ég hafði varla búið hér í heilt ár sjálf. En ætli það sé ekki einhver sérstök orka í því líka,“ segir hún.

Góðgæti í Bræðraborg

Síðastliðinn vetur hefur Steff rekið kaffihúsið Bræðraborg á Ísafirði, sem er hluti af Borea Adventures. „Það kom til þegar sumarið var að liða undir lok í fyrra. Það er mjög, mjög mikið að gera hjá Borea á sumrin, en í fyrravetur, til dæmis, var Bræðraborg lokuð. Veturinn hér er mjög hægur og rólegur – félagslega séð, ekki veðurfarslega,“ bætir hún við.

„Ég átti mér þennan draum um að reka minn eigin stað. Ég hef alltaf haft áhuga á mat, sem ég held að hafi bara byrjað þegar ég fylgdist með mömmu minni elda sem barn. Nanný, sem rekur Bræðraborg, var merkilega spennt fyrir þeirri hugmynd. Hún gaf mér þetta tækifæri, að reyna að reka Bræðraborg yfir veturinn. Það hefur gengið ótrúlega vel, og verið mjög gott fyrir mig persónulega líka. Er til einhver betri leið til að komast inn í samfélag? Þetta er frábær leið til að aðlagast, en á sama tíma frekar ógnvekjandi. Maður stendur þarna og heilsar gestum og tekur á móti fólki, og á sama tíma vita allir hver maður er,“ segir hún og hlær. „En jú, ég kynntist fullt af fólki og fólk hér var mjög duglegt að styðja reksturinn í vetur. Ég held að þau komi af því að þeim líkar það sem ég er að gera,“ segir hún.

Frá upphafi hefur Bræðraborg lagt áherslu á að bera fram hollustusamlega og góða rétti, sem hafa á stundum verið ansi ólíkir því sem tíðkast á kaffihúsum. „Ég held að ég hafi haft þessar sömu áherslur. Ég er alls ekkert heilsufrík, ekki vegan eða grænmetisæta, en ég

ólst upp við að borða venjulegan, hollan mat, held ég. Það voru alls ekki hamborgarar á hverjum degi. Mér finnst líka gott að borða grænmeti – og stöku ávöxt,“ segir hún og brosir.

Steff hefur líka sérstaka ánægju af því að finna mat í náttúrunni. „Ég fer reglulega út að safna mat og tek allt sem ég get. Ég elska hundasúrur og allt það. Ég bý til pestó og salöt úr henni. Ég dýrka líka rabarbara, það er hægt að gera milljón hluti úr honum. Og þegar við vorum í fríi í Aðalvík í fyrra tíndum við mjög mikið af reygrasi, sem var virkilega gott,“ segir hún frá. Fjölskylda Steff tekur virkan þátt í söfnunarferðum hennar út í náttúruna, og hún leitar lengra en að plöntum og berjum. Um vetur fer fjölskyldan reglulega að tína krækling og aðra sjávarrétti í fjörum. „Við förum oft að tína krækling og síðasta vetur sáum við fullt af litlum sniglum sem lifa í þanginu. Þeir eru nú varla máltíð, þeir eru bara á stærð við fingurbrodd litla fingurs, en krökkunum finnst þeir æði. Ég steiki þá í smjöri með hvítlauk og lauk – en það má auðvitað nota hvað sem krökkunum finnst gott – og kæli þá svo niður með smá hvítvíni, vatni eða soði. Þeir þurfa bara nokkrar sekúndur af gufu og svo borða krakkarnir þá með tannstönglum,“ útskýrir hún. Steff leitar líka að öðuskel, beitukóngi og igulkerjum í leiðöngrum sínum á ströndinni.

Sumar og brúðkaup

Sumarið færast yfir og því fylgir holskefla gesta og annasamasti tími ársins hjá Borea og Bræðraborg. Steff ætlar hins vegar að taka sér frí í sumar og slaka á eftir langan vetur. „Ég á um þrjár, fjórar vikur eftir í vinnunni og svo fer ég í frí. Harpa er kennari, og krakkarnir fara líka í langt sumarfrí, og við ætlum að verja því saman. Og við ætlum líka að gifta okkur,“ bætir hún við og brosir.

„Ég er svo heppin að Bræðraborg geti tekist á við þetta, að ég sé ekki á staðnum í sumar. Ég ræddi þetta við Nanný fyrir nokkrum mánuðum síðan og hún er bara mjög glöð að ég snúi aftur í haust og taki við þá. Sumarið er hvort sem er svo ólíkt vetrinum að ég held ekki að það skaði reksturinn neitt að ég fari,“ segir Steff.

Í staðinn fyrir að standa yfir pottum í heitu eldhúsi ætlar Steff til Hornstranda með fjölskyldunni. „Við ætlum að gifta okkur á Hornströndum og vera þar í svolítinn tíma. Við munum vinna aðeins fyrir Borea á staðnum, en líka bara vera í gönguferðum og slaka á. Og svo ætlum við til Frakklands með krakkana, að hitta foreldra mína. Það er svolítið róandi tilhugsun – að vita að ég muni að minnsta kosti fá að upplifa eitthvað alvöru sumar,“ hlær hún. „Þó ég sé ennþá vongóð um að það komi sumar hér líka,“ bætir hún við.



Hótel Djúpvavík



**Hótel Djúpvavík býður ykkur velkomin.
Gisting, veitingar, gönguleiðir, bátaleiga og
kajakleiga. Munið Sögusýningu Djúpvavíkur.
Sími 451 4037 • Fax 451 4035
Vefsíða: djupavik.is
Netfang: djupavik@snerpa.is**



Við erum líka á Facebook
<https://www.facebook.com/hotel.djupavik>

Gisting í íbúðum!

Fullbúnar íbúðir með aðgengi að interneti,
þvottavél og þurrkara. Kolagrill á svölum.
Svefnpokaplass eða uppabúin rúm
eftir pöntunum!



Mánafell

Stigahlíð 2-4 Bolungarvík • Sími 863 3879 •
892 1616 • Heimasíða: www.orkudisa.com
Netfang: arndis@snerpa.is



Á Bræðraborg er framreiddur ferskur og gírnilegur matur



Steff gerir að önd

ENGLISH

Setting sail for Ísafjörður

Steff Hilty arrived in Ísafjörður on a sailboat from Greenland, thirsting for adventure. Originally from Liechtenstein, she's been interested in food and nature from a young age. Now, she serves the Ísafjörður locals delicacies from near and afar, from her post in the Bræðraborg café.

Steff's gallant entry by sailboat wasn't her first time visiting Iceland, or Ísafjörður, to be fair. She first came to Iceland at sixteen, after writing a fairly impressive Christmas wish list. "I gave it to my dad for Christmas that he could take me to Iceland. If your father feels like he needs to establish a better contact with you, that seems to work quite well," she remembers, smiling. "We came here and did a journey up to Akureyri in the autumn. Basically, I loved it," Steff adds. She visited two more times, first staying in Reykjavík and later traveling around the country for a week.

"Then I decided to spend half a year here, traveling around. I had been studying photography in Berlin, not at University but as an apprentice with a photographer. When I finished that, I really, really wanted to get away. I specialised in landscape, so I figured I'd come here and find the good stuff," she explains.

Her quest for landscape and adventure eventually brought her to Ísafjörður in the fall of 2013. „What happened was that I turned thirty. My biggest wish was to go to Greenland, and I heard about the sailboat, Aurora Arktika, which is based here in Ísafjörður. I contacted the captain, Bubbi, but he only had available the one trip, the last trip of the season: from Greenland and back here. My parents gave me the trip for my birthday, so I flew to Greenland and then sailed back here," Steff explains.

Falling in love

Prior to her trip to Greenland, Steff visited Ísafjörður to meet the captain and crew of the sailboat. "Oh, and I participated in Mýraboltinn too, that was great. That was one of the things that brought me up here before the trip. And then I just thought that Ísafjörður was quite a cool place," she says. After her return from Greenland, Steff even spent some time living aboard the Aurora Arktika. "I'd also been sleeping in my car, before that. I guess I was living like a vagabond, you could call it that. It's all very romantic. Especially in Iceland, where the temperatures are like fridge temps," she says, laughing.

And then, she fell in love. "Everyone always asks me whether I fell in love with the town or with a particular person. And I get that, it is quite possible to fall in love with this town. But no, it was a person!" she says. Steff now lives with her girlfriend Harpa, and her



Fjörufereðir þar sem svipast er um eftir kræklingi og öðru góðgæti eru reglulega á dagskrá fjölskyldunnar.

stepchildren Hjördís, six, and Sigrún, ten, in Ísafjörður, where's she's also found a job she thrives in.

"I've actually been really lucky. I think the most important thing apart from having a family and being in love, is work. Especially here in Iceland, where the first thing people will ask you is what you do," she says. After dropping anchor in Ísafjörður, the Aurora's captain, Bubbi, turned to Steff to supply him with food during his trips on the sailboat. "I was baking a lot of things and making crazy stuff – I had a lot of free time on my hands – and I always brought him samples. Eventually, we had a contract where I would supply his trips on the sailboat with food. They would usually start in March, when he would do weekly trips to Hornstrandir. He was actually the first person who supported me and got me through this," she says.

Steff also got involved in Borea Adventures, doing local tours as a guide. "It was quite funny, actually, me guiding these groups of people from the cruise ships, when I'd barely lived here for a year myself. But I guess you have a certain energy when you do that," she says.

Delicatessen in Bræðraborg

For the past winter, Steff has run the Bræðraborg café in Ísafjörður, which is part of the Borea Adventures business. "That started when the summer was finishing last year. Borea is very, very busy during the summers, they do a lot of day tours and tours over to Hornstrandir, but last winter, Bræðraborg was closed. It is very difficult to find someone to run it – and to run it so you don't ruin it. The winter here is very calm and quiet – in the people sense, not the weather sense," she adds.

"I sort of had this dream of having my own place. I've always been interested in food – I think it started with just watching my mother cook. Nanný, who runs the Bræðraborg side of Borea, was strangely really up for it. She gave me the opportunity to try and run it through winter. It has been really great – and great for me personally as well. What better way is there for a foreigner to get into the community? It's a fantastic way to integrate – but at the same time really scary. You're standing there, greeting everyone and serving everyone, while every-



one knows who you are,” she says, laughing. “But yes, I met a lot of people, and people have been really great in supporting the café in winter. I think they come because they like it,” she adds.

From the start, Bræðraborg has placed an emphasis on serving their patrons fresh and balanced meals, that have more often than not been far healthier than the traditional café fare. “I think I had that same emphasis anyway. I’m by no means a health freak, not vegan or vegetarian, but I grew up eating in a normal, healthy way, I think. There were definitely not burgers every day. I like to eat greenery and a fruit once in a while, too,” she says, smiling.

Steff also finds great joy in foraging for food in nature. “I regularly go out and gather stuff – taking whatever I can get. I love hundasúra, sheep sorrel, and all of that stuff. I make pesto and salads out of it. I also love rhubarb, as you can make a million things with that. And when we were on holiday in Aðalvík last year, we picked a lot of sweet grass, too, which was really nice,” she muses. Steff’s family is quite involved in her missions to gather food and they don’t draw the line at plants and berries. During winter, they regularly go picking mussels and other seafood on the beach. “We often go to pick mussels, and last winter we saw a lot of the little snails that live on the seaweed. They’re not really a meal, they’re just finger size snails, but the kids love them. I fry them with butter and onion and garlic – but you can use whatever your kids go for – and then cool them down with a little bit of white wine, water or stock. They only need a few seconds of steaming. The kids always go for them with toothpicks,” she explains. Steff also keeps her eyes peeled for horse mussle, whelks and sea urchins during her missions on the beach.

A summer and a wedding

As summer moves in and brings with it a wave of tourists and the busiest time of year for Borea and Bræðraborg Café, Steff is taking time off to relax after the long winter. “I have about three or four weeks left of work, and then I’m going on holiday. Harpa is a teacher, and the kids are going to have a long summer holiday, so we’re going to spend it together. And we’re also getting married,” she adds, smiling.

“I’m so lucky that Bræðraborg can handle this, me taking off for the summer. I spoke to Nanný about it some months ago, and she is just very happy that I will come back in autumn and run it through winter. The summer is so different that I don’t think me leaving will hurt the business at all,” she says.

Instead of pottering about in a hot kitchen, Steff will instead head to Hornstrandir with her family. “We’re going to get married in Hornstrandir and we’re going to be there for quite a while. We’ll be working a little bit for Borea in Hornstrandir, but we’ll also just be hiking and relaxing. And then we’re going to France to meet my parents with my kids. That’s a bit soothing, to know that I will at least experience some kind of summer,” she laughs. “Although I remain optimistic that it will arrive here too.”

Ný sýning í Melrakkasetrinu



Melrakkasetrið er til húsa í Eyrardalsbæ í Súðavík



Hornstrandir þykja nú besti staður í heimi til að kynnst heimskautarefnum

Melrakkasetrið í Súðavík fagnar fimm ára afmæli í júní. Þó starfsaldur þess sé ekki ýkja langur hefur setrið og starfsemi þess heldur betur sótt í sig veðrið á síðustu árum, en það er í dag ein af mikilvægustu bækistöðvum heims fyrir rannsóknir á heimskautarefnum.

Sumarið felur í sér ýmsar nýjungar á Melrakkasetrinu í Eyrardalsbæ, en þar hafa starfsmenn ekki setið iðjulausir í vetur. „Við höfum verið á fullu í vetur við að búa til og setja upp nýja sýningu uppi á lofti,“ segir Stephen Midgley, framkvæmdastjóri Melrakkasetursins. „Áður var ekkert uppi á lofti, bara geymslupláss og þvíumlíkt. Nú erum við að opna þar sýningu um refaveiðar og refaskyttur. Við höfum reyndar alltaf sagt söguna af veiðimönnunum á sýningunni okkar, en hún hefur þá verið blönduð saman við upplýsingar og fræðsluefni um refinn. Með þessari sýningu fá veiðarnar alveg sér umfjöllun. Við höfum líka fengið nýja safnmuni sem við sýnum uppi á lofti; refaskinn, byssur og fleira,“ útskýrir hann.

Heimildarmynd Hauks Sigurðssonar, Skolliales, þar sem kvikmyndagerðarmaðurinn fylgist með refaskyttum að störfum í Dýrafirði verður til sýninga uppi á loftinu í sumar, en þar er nýju ljósi varpað á þessa ævagömlu iðju. „Við viljum sýna að refaskyttur eru bara venjulegt fólk. Það er mikil menning tengd refaveiðum hér á landi og þetta er í raun fyrsta alvöru starfið á Íslandi! Í lögum frá árinu 1295 er kveðið á um að allir þeir sem eigi kindur séu skyldugir til þess að drepa tófur, annars þurfi þeir að greiða skatt sem leggst þá beint á skyttuna,“ útskýrir Stephen.

Á sama tíma hefur sýning setursins um tófuna verið endurskoðuð og uppfærð, en það er nokkuð sem stöðugt þarf að vinna að. „Sýningin var orðin fimm ára gömul og við vorum komin með nýjar upplýsingar sem við vildum færa inn, um stofnastærð og annað. Það skiptir máli að halda þessu vel við. Melrakkasetrið er náttúrulega fyrst og fremst


fræðslusetur. Aðaláherslurnar í okkar starfi eru að safna upplýsingum um refinn, fræða fólk um refinn og auka upplýsingar um refinn með rannsóknum,“ segir Stephen. Sýningin í setrinu er liður í fræðslustarfinu, en þar má kynnst þessum forvitnilega frumbyggja landsins afar vel. „Með því að aðskilja söguna af refaveiðunum fáum við enn betra pláss til að segja frá rannsóknum okkar á Hornströndum og starfi okkar: hvernig við kryfjum dýrin, skoðum magainnihald og tennurnar og fleira til að afla upplýsinga um lífnaðarhætti melrakkans. Fólk spyr okkur svo oft hvað það er eiginlega sem við gerum - og nú getum við bara sýnt þeim það!“ segir Stephen og hlær við.

Melrakkar á BBC

Aðstandendur Melrakkasetursins gætu einnig bent á heimildarmyndina sem BBC frumsýndi 1. maí, en þar fer setrið með veigamiklu hlutverk. „Við höfum verið að aðstoða myndatökumenn frá BBC frá árinu 2013. Þeir fylgdu okkur á rannsóknasvæðið okkar á Hornströndum og tóku upp ár í lífi refsins í Hornvík. Í myndinni er líka viðtal við Ester Rut Unnsteinsdóttur sem er formaður Melrakkasetursins og rannsóknarstjórinn okkar,“ segir Stephen sem horfði á myndina í hópi Súðvíkinga og annarra gesta í Melrakkasetrinu. Hann segir það hafa verið sérlega ánægjulegt að sjá ávöxt erfiðisins. „Og svo er ég náttúrulega Englendingur - það gerist ekkert betra en að vera á BBC!“ segir hann kátur.

Melrakkasetrið hefur á síðustu árum unnið sífellt meira með myndatökumönnum sem sækja svæðið heim og oft í samstarfi við Borea Adventures. „Áhuginn er að aukast mikið og fólk er farið að horfa til Hornstranda frekar en til svæða eins og Hudson Bay eða Alaska til að komast í návígi við heimskautarefinn. National Geographic birti til dæmis grein í fyrra þar sem þau sögðu að Hornstrandir væru besti staðurinn í heiminum til að skoða refinn í sínu náttúrulega umhverfi,“ segir Stephen frá.





Appið og Netbankinn

Við bjóðum
góða þjónustu
við flötina

Í Netbankanum og Appinu getur þú sinnt fjármálunum hvar og hvenær sem þér hentar.

Hvort sem þú ert á teig, í hádegismat í vinnunni eða á ferðalagi í útlöndum geturðu sinnt öllum helstu bankaviðskiptum í tölvunni eða snjalltækjum. Þú sérð stöðuna á reikningunum þínum, millifærir, borgar reikninga, sinnir sparnaði eða skoðar nýjustu vildartilboðin.

Kynntu þér Appið og Netbankann á islandsbanki.is



Ný sýning opnar á lofti Melrakkasetursins í sumar og sú á neðri hæðinni hefur verið uppfærð og endurbætt

Taka tófur í fóstur

Síðustu sumur hefur Melrakkasetrið tekið að sér munaðarlausu yrðlinga og fósturað í stóru búri utan við húsið, við góðar undirtektir gesta á öllum aldri, en í ár verður breyting þar á. „Lögunum var breytt í fyrra þannig að nú má ekki lengur sleppa dýrum eftir að hafa fósturað þau. Valið stendur því um að drepa þau eða halda þeim áfram og við ætlum auðvitað að halda þeim áfram. Við fáum því líklegast til okkar þrjá, fjóra yrðlinga í sumarbyrjun sem verða hjá okkur út sumarið og áfram í vetur. Það verður gaman fyrir gestina sem geta þá fylgst með þeim áfram og séð hvernig dýrin stækka og breytast,“ segir Stephen, en setrið er opið allt árið um kring þó opnunartíminn sé styttri á veturna.

Unnið er að því að hanna og byggja nýtt og betra refabúr, sem stefnt er að því að verði tilbúið á afmælishátíð setursins í júní. Laugardaginn 13. júní verður blásið til afmælisveislu með veglegri dagskrá, tónlistaratriðum og fleiri uppákomum sem kynntar verða er nær dregur. Það er ekki það eina sem verður um að vera á setrinu í sumar því í júní hefjast líka skipulagðar upplýsingagöngur um Sauradal á vegum setursins.



STALDRÁÐU VIÐ Á STRÖNDUM

Kaupfélag Steingrímsfjarðar rekur verslanir á Hólmavík, Drangnesi og á Norðurfirði. Allar eiga verslanirnar það sameiginlegt að vera með breitt vöruúrval, persónulega og góða þjónustu. Einnig er á Hólmavík glæsilegur veitingaskáli og byggingavöruverslun.



- **Norðurfjörður**
 - Dagvöruverslun
 - Bensinsjálfsali
- **Drangnes**
 - Dagvöruverslun
 - Bensinsjálfsali
- **Hólmavík**
 - Dagvöruverslun
 - Veitingaskáli
 - Bensinsjálfsali
 - Byggingavörur
 - Bílavörur


Kaupfélag Steingrímsfjarðar Hólmavík

Höfðatún 4
510 Hólmavík
455 3100
www.ksholm.is

Verið velkomin

HRAFNSEYRI

Safn Jóns Sigurðssonar - Museum



Ný sýning um Jón Sigurðsson var opnuð árið 2011 á Hrafnseyri í tilefni þess að 200 ár voru liðin frá fæðingu hans á staðnum. Sýningin er opin 1. júní - 8. september. Aðgangseyrir að sýningunni er kr. 800. Ellilífeyrisþegar og hópafláttur kr. 500. Frítt fyrir börn 16 ára og yngri. Sími: 456 8260 og 845 5518. Veitingasala er í Burstabænum, sími: 862 4509.

A new exhibition about Jón Sigurðsson, the leader of the Icelandic campaign for self-determination in the 19th century, was opened on Hrafnseyri 2011.
Opening hours: June 1 - September 8, 11 - 18 hours every day.
Admission fee: Adults kr. 800. Seniors kr. 500. Free of charge 16 years and younger. Tel: 456 8260 and 845 5518

<http://www.hrafnseyri.is> - hrafnseyri@hrafnseyri.is

Hafnarbúðin Ísafirði

Útivistarvörur, veiðivörur, íþróttavörur, sundfatnaður, gasvörur og margt fleira Fatnaður og skór á alla fjölskylduna
Verið velkomin



Virka daga 9-18 - laugardaga 11-14
450-5300

<http://www.facebook.com/hafnarbudin>



Ólíkindatól á Suðureyri

Víkingur Kristjánsson fór úr leikhúsinu í fiskvinnslu þegar hann flutti til Suðureyrar fyrir nokkrum árum. Nú haslar hann sér hins vegar völl á nýjum lendum, en í vetur hefur Víkingur gert hátt í tuttugu hlaðvarpsþætti undir nafninu Ólíkindatólið.

„Það er svolítið síðan ég fór að fá áhuga á erlendum hlaðvarpspáttum og kynna mér það sem er í boði á þeim markaði. Það er alveg svakalega mikið, þessi miðill er miklu stærri og þekktari úti en hér – hann er ennþá svolítið nýr á Íslandi,“ segir Víkingur frá uppruna Ólíkindatólsins. „Mig langaði að prófa þetta sjálfur, svo ég keypti mér míkrofón og spurðist fyrir um hvernig best væri að gera svona þætti. Ég vissi af Alvarpinu, þar sem eru fleiri svona nördar eins og ég, og þeir vildu strax fá mig í sinn hóp. Ég fór svo bara af stað, án þess að hafa í raun mjög fastmótaðar hugmyndir um hvað ég ætlaði að gera. Lykillinn felst svolítið í nafninu, Ólíkindatólið – það veitir mér frelsi til að gera svona hitt og þetta,“ útskýrir hann. Víkingur hefur líka komið víða við í leiðangri sínum undir merkjum Ólíkindatólsins; tekið viðtöl við skemmtilegt fólk, lagt upp í svaðilför í minnsta óperuhús heimsins og spjallað við leikhúsfrömuði um listina.

Fyrsti þátturinn varð til þegar fyrstu snjóar gerðu vart við sig á Vestfjörðum í október, en síðan eru þeir orðnir hátt í tuttugu talsins. „Til að byrja með gerði ég bara það sem mér datt í hug hverju sinni. Ég tók meira að segja viðtal við móður mína þar sem ég var að spá í æsku mína og svona. Þegar á leið hefur fókusinn orðið vestfirskari, þannig að nú tala ég helst við fólk hér fyrir vestan sem vekur áhuga minn,“ segir Víkingur.

Ólíkindatólið hefur einnig velt því fyrir sér að stækka við sig og færa út kvíarnar í fjölmiðlabransanum. „Í vetur fór ég í heilmiklar þælingar, sem ég er svo sem ennþá í, um að búa til vestfirskan fjölmiðil. Annað hvort að opna hlaðvarpsúttvarp sem væri helgað Vestfjörðum og einbeitti sér að vestfirsku efni, þó öðrum væri auðvitað frjálst að hlusta líka. Ég var jafnvel farinn að hugsa um að stofna samfélagsmiðil og fréttaveitu svona í anda Nútímans og meira að segja farinn að ræða við hönnuði og annað með það að leiðarljósi. Þetta er svona ennþá að malla í kollinum á mér, en á meðan hef ég verið að gera Ólíkindatólspætti,“ útskýrir Víkingur. Hvorki Ólíkindatólið né fjölmiðillinn á teikniborðinu hafa það þó að markmiði að laða fólk til Vestfjarða með umfjöllun sinni, heldur eru

fyrst og fremst hugsaðir fyrir samfélagið vestra. „Það er forgangsroðunin – en ég held líka að fyrir vikið séu þeir bara skemmtilegri fyrir fólk utan Vestfjarða sem er að hlusta,“ útskýrir Víkingur.

Dreymir um sjómannslíf

Víkingur hefur haft ýmislegt annað að sýsla í vetur en að spjalla við skemmtilegt fólk yfir míkrofóni. Eftir flutninginn til Suðureyrar vann hann í fiski, en hætti þar í fyrrasumar. „Þá fór ég að leika í bíómynd sem við vorum að frumsýna og núna í vetur var ég svona í hinu og þessu – að leikstýra og veislustýra, til dæmis. Í sumar er ég búinn að ráða mig á kaffihúsið hérna á Suðureyri, en svo veit ég ekki alveg hvað tekur við. Draumurinn væri að geta verið í einhvers konar útgerð í mínu fagi – skroppið suður í vertíð í einhver verkefni og komið svo heim aftur. Við viljum bara vera hér og reynum að láta það ganga upp,“ segir Víkingur, en konan hans, Kolbrún Elma Schmidt, er frá Suðureyri.

Vetur á borð við þá sem nú er liðinn gera slíkt vertíðarlíf þó ekki sérlega auðvelt. „Þegar líkurnar á því að það verði flogið eru komnar niður í þrjátíu prósent er þetta orðið svolítið erfitt,“ segir Víkingur og brosir. „Þetta slapp samt alltaf til hjá mér í vetur, ég festi mig bara einu sinni uppi á Steingrímsfjarðarheiði! Þetta er auðvitað ákveðinn óvissufaktor, en maður verður bara að vona að þetta gangi og að maður geti lifað svona sjómannslífi – tekið tarnir og komið svo heim,“ segir hann.

Um hlaðvarpsþætti Ólíkindatólsins má fræðast nánar á slóðinni nutiminn.is/alvarpid/olikindatolid. Þegar blaðamaður náði tali af Víkingi hafði hann nýlokið við að festa sér blogg síðu undir nafni Ólíkindatólsins. „Ég er nú ekki alveg búinn að ákveða hvað ratar þangað inn, en ætli það skýrist ekki í sumar. Ég setti inn eina færslu til að láta vita af mér, og nú er þá bara að halda áfram,“ segir hann kátur. Bloggið er að finna á slóðinni olikindatolid.wordpress.com.

TÁLKNAFJÖRÐUR

Góð þjónusta í fallegum bæ

- Eitt besta tjaldsvæði landsins
- 25m. útilaug með rennibraut og heitum pottum
- Fjölmargar gönguleiðir í stórkostlegri náttúru
- Náttúrulaug í fjallasal með fögru útsýni



Húsið
CAFÉ RESTAURANT BAR

Koddinn
GUESTHOUSE



Húsið: A great café, restaurant and bar. The house that welcomes you to Isafjörður with great food and hospitality. Our menu includes fish of the day, soup, steak, lamb and much more. You are welcome at Húsið.

Koddinn: Warm rooms with made up beds, breakfast optional and kitchen facilities. Easy walking distance from the town center.

Hrannargata 2 | Tel: +354 456 5555

 **BYGGÐASAFN
VESTFJARÐA**
WESTFJORDS HERITAGE MUSEUM

TURNHÚS

ÍSAFJÖRÐUR

Opið: 15. maí. - 15. sept. kl. 9 - 18 Fullorðnir kr. 900 Lífeyrisþegar kr. 750	Open: May 15 - Sept. 15 9 - 18 Admission fee: Adults Isk. 900 (€6) Seniors. Isk. 750 (€5)
---	---



SMIÐJA
Guðmundar J. Sigurðssonar
Þingeyri - stofnuð 1913

G. J. Sigurðsson
**Old Blacksmith's
Workshop**
Þingeyri - Founded 1913



nedsti.is
<https://is-is.facebook.com/nedsti>



Perlur Fjarðarins

Náttúruferðurinn Öundurferður

Mögnuð náttúra

Fjölbreyttir gistimöguleikar

atburðir og afþreying

Verið velkomin



www.perlurfjardarins.is

Hafnastræti 27 425 Flateyri s:456-1130

Family | Fjords

PLAY | EXPLORE | RELAX

WONDER | CONNECT | RECHARGE

WEST TOURS

– The expert on travels in the entire Westfjords peninsula –

- Hornstrandir Nature Reserve
- Boat Schedules
- Local Food Tasting
- Bird Watching
- Bird Watching
- Horseback Riding
- Whale Watching
- Sea Angling
- Boat Tours
- Kayaking
- Excursions
- Hiking
- Cultural Walks
- Packages
- Workshops
- Bike Tours
- Car Rental
- Accommodation



West Tours - Vesturferðir 

Ferðaskrifstofa / Travel Agency

Sími/Tel: 456 5111,

westtours@westtours.is, www.westtours.is

ICELAND'S SECRET TO HEALTHY LIVING

- ✓ HIGH IN PROTEIN
- ✓ NATURALLY FAT FREE



Skýr.is